


skoðun 14




2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Heimilið


vib
Með fagmennsku að leiðarljósi
VÍB blaðið fylgir Fréttablaðinu í dag.
Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is | www.vib.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Þriðjudagur
1. febrúar 2011
26. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000




## Tíu ár í loftinu
*Reykjavík síðdegis hóf göngu sína fyrir áratug.*
**tímamót 16**

## Sýna í Þýskalandi
*Dóri DNA, Ugla Egils og Bergur Ebbi taka höndum saman með þýskum listamönnum.*
**fólk 30**



## Yfir hundrað hraðaupphlaupsmörk á HM
*Guðjón Valur Sigurðsson náði merkum áfanga á HM í Svíþjóð.*
**sport 26**

## veðrið í dag




**NV STREKKINGUR** víðast hvar á landinu en sums staðar hvassara við N- og A-ströndina síðdegis. Él um N- og V-til en annars þurrt. Frystir um allt land.

**VEÐUR 4**

# Vildu fá að selja neytendum salmonellusýktan kjúkling

**Landbúnaðarráðuneyti hafa borist bæði kærur og tillögur frá kjúklingaframleiðendum um að sala á salmonellusýktu kjöti af eldisfuglum verði leyfð. Ráðuneytið og Matvælastofnun neituðu óskum framleiðenda.**

**LANDBÚNAÐUR** Stjórn Félags kjúklingabænda óskaði eftir því við landbúnaðarráðuneytið 30. nóvember síðastliðinn að fá að selja salmonellusmitað kjöt úr eldisfuglum með því að fullelda það. Ráðuneytið og Matvælastofnun (MAST) sammæltust um að verða ekki við ósk framleiðenda, til þess að sporna frekar við hættu á salmonellusmituðu kjöti á markaðnum. Þetta kemur fram í gögnum sem landbúnaðarráðuneytið hefur afhent Fréttablaðinu eftir að blaðið óskaði eftir þeim með vísan til upplýsingalaga.

Samkvæmt lögum er óheimilt að selja hitameðhöndlað kjöt úr kjúklingum sem greinast með salmonellu á eldistímanum. Þó er heimilt að selja smitað kjöt, sé það einungis greint í sláturhópum og hitameðhöndlað hjá framleiðendum.

Matfugl ehf. kærði ákvörðun MAST 7. desember, þar sem hafnað var umsókn framleiðandans um leyfi til slátrunar á hópi af eldisfuglum sem greinst höfðu með salmonellu. Matfugl krafðist þess að ákvörðunin yrði felld úr gildi. Ákvörðun MAST byggði á því að salmonella fannst í eldishópnum 21. október og 29. nóvember. Hinn 26. nóvember reyndist sýnið þó neikvætt.

Landbúnaðarráðuneytið staðfesti ákvörðun MAST og heimilaði ekki slátrun og sölu á afurðunum. „Með því að salmonella greindist í eldishópnum í tvígang er ljóst að [skilyrði um að eldisfuglar greinist neikvæðir af salmonellu] var ekki uppfyllt, en tilgangur þess er að tryggja að kjúklingur, sem bjóða á til sölu, sé ekki salmonellusmitaður," segir í úrskurði ráðuneytisins 14. desember.

Matthías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Holtakjúklings, sendi ráðuneytinu fyrirspurn 28. janúar í fyrra, þar sem lögð er til breyting á ákvæðum reglugerðar um slátrun alifugla þannig að heimilt verði að bjóða til sölu salmonellusmitaðar afurðir af eldisfuglum. Erindið var sent MAST til umsagnar, sem mat málið svo að farið væri fram á að stjórnvöld slökuðu á kröfum um aðgerðir gegn salmonellu. Tillaga Holtakjúklings var ekki samþykkt og tók ráðuneytið undir ákvörðun MAST og féllst ekki á breytingarnar. **- sv**

### Rúmlega 50 salmonellusmit árið 2010

Yfir fimmtíu tilfelli af salmonellusýkingum komu upp í kjúklingabúum landsins á síðasta ári. Grunur lék á að sýkingin hefði borist í kjúklinginn í gegnum fóður. Sýkingin gerði það að verkum að viðvarandi kjúklingaskortur var í verslunum landsins og jók landbúnaðarráðuneytið innflutningskvótann um 200 tonn í lok ársins til þess að bregðast við því.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MINNTUST LÁTINNA Á FAXAFLÓA** Aðstandendur fólks sem lést þegar flugvélin Glitfaxi fórst skammt frá Reykjavík fyrir sextíu árum fleyttu í gær blómum á hafflötinn utan Hafnarfjarðar til að minnast hinna látnu. Alls fórust tuttugu í flugslysinu, þrír áhafnarmeðlimir og sautján farþegar. Vélin hefur aldrei fundist.

Afleiðing meðgöngusykursýki:

# Eykur hættu á sykursýki II

**HEILSA** „Konur sem fá meðgöngusykursýki eru líklegri en aðrar til að greinast síðar með sykursýki II. Einnig hefur verið sýnt fram á að börnum sem búa við of háan blóðsykur í móðurkviði er hættara við ofþyngd og sykursýki II síðar á ævinni." Þetta segir Hildur Harðardóttir, yfirlæknir á kvennadeild Landspítalans. Hún telur meðgöngusykursýki vaxandi vandamál hér á landi enda hafi fjöldi tilfella nær tvöfaldast frá árinu 2003.



HILDUR HARÐARDÓTTIR

**gun** / sjá Allt í miðju blaðsins.

Búist við enn fjölmennari mótmælum í miðborg Kaíró í dag:

# Vara við ferðum til Egyptalands

**UTANRÍKISMÁL** Búist er við því að mótmælin í Egyptalandi nái nýjum hæðum í dag þar sem andófshópar hafa kallað eftir því að ein milljón borgara komi saman í miðborg Kaíró.

Hosni Mubarak forseti gerði enn breytingar á ríkisstjórninni í gær, en herinn lýsti því yfir að ekki yrði gripið til vopna gegn mótmælendum, haldi þeir friðinn.

Mótmæli héldu áfram í gær og komst fréttaritari RÚV meira að segja í hann krappan þegar hópur fólks réðst að honum við störf og skemmdi myndavél hans.

Utanríkisráðuneytið ræður nú Íslendingum frá því að ferðast til Egyptalands vegna ótryggs ástands þar í landi.

Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, sagði í gær að vitað væri af fimm íslenskum ferðamönnum í Egyptalandi. Af þeim áttu þrír bókað flug úr landinu í gær. Vitað er um 15 til 20 íslenska ríkisborgara til viðbótar sem búa í landinu.



**MÓTMÆLI Í KAÍRÓ** Búist er við því að mótmælin í Egyptalandi nái nýjum hæðum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslenska utanríkisráðuneytið fylgist grannt með ástandinu í Egyptalandi og ráðleggur fólki enn fremur að fylgjast með ferðaleiðbeiningum frá Norðurlöndunum. **- bj, þj** / sjá bls. 8


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

VERTU MEÐ VIÐSKIPTIN Í RASSVASANUM

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. vísir.is

Yfirfærslur á DVD eða flakkara



Þú kemur með 3 en borgar fyrir 2
Sú ódýrasta er ókeypis
Verð frá 1495kr.
Gildir út febrúar
Gagnvirkni
www.gagnvirkni.is - 5174511
Hamraborg 1, Kópavogi

## SPURNING DAGSINS



*Stefán, er ástæða til að fara á límingunum út af þessu?*

„Það er óþarfi, en við þurfum að veita sjálfum okkur þéttara aðhald í þessu eins og mörgu fleiru.“

Stefán Gíslason umhverfisfræðingur segir að eiturefnið PCB kunni að leynast í lími og þéttiefnum í gluggum eldri húsa á Íslandi og það skapi hættu fyrir heilsu manna.

Karlmaður á þrítugsaldri fyrir dóm eftir ofbeldisverknað gegn ungri stúlku:

# Laugardalshrottinn ákærður

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á þrítugsaldri fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir hrottalega líkamsárás í Laugardal í Reykjavík síðastliðið haust.

Maðurinn er ákærður fyrir að hafa ráðist með ofbeldi á stúlku sem þá var sextán ára á göngustíg í Laugardalnum í Reykjavík. Árásin átti sér stað mánudaginn 11. október 2010. Manninum er gefið að sök að hafa slegið stúlkuna ítrekað með hörðu áhaldi í höfuð og tekið hana hálstaki og þrengt að þar til hún missti meðvitund. Afleiðingar



**LAUGARDALUR** Árásin átti sér stað á göngustíg í Laugardal.

ofbeldisins urðu þær að stúlkan hlaut langan skurð á hnakka hægra megin, djúpan langan skurð á enni, brot á nærkjúku hægri vísifingurs og víða mar.

Maðurinn var handtekinn um það bil mánuði eftir ofbeldisverkið. Hann játaði í kjölfarið að hafa ráðist á stúlkuna. Málið vakti þá mikinn óhug, ekki síst þar sem árásin átti sér stað um miðjan dag. Stúlkan komst við illan leik upp á Suðurlandsbraut, þar sem vegfarandi kom henni til aðstoðar og hringdi á sjúkrabíl. Árásin var fólskuleg og algjörlega fyrirvaralaus og tilefnislaus. Maðurinn bar við minnisleysi vegna fíkniefnaneyslu í skýrslutökum hjá lögreglu. - jss

Smábörn skynja samfélagið:

# Stærri börn fá frekar að ráða

**VÍSINDI** Börn undir eins árs aldri átta sig snemma á stöðu sinni í lífinu og láta oft stærri börn ráða sækist þau eftir sama takmarkinu. Þetta kemur fram í nýrri grein í vísindaritinu Science.

Þetta gæti þýtt að börn fæðist með eiginleika til að átta sig á samfélagslegri stöðu sinni, eða að þau þrói hann með sér ótrúlega ung, segir Lotte Thomsen, höfundur greinarinnar. Slíkur hæfileiki er ekki bara mikilvægur fyrir fólk, heldur líka ýmsar dýrategundir. - bj

Sigmundur ekki meðflytjandi:

# Staðfesti aldrei meðflutning

**ALÞINGI Sigmundur Ernir Rúnarsson Samfylkingunni stendur ekki að frumvarpi um að norsk-rússnesku skáldkonuninni Marie Amelie verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur.**

**Í frumvarpinu sem dreift var á þingi á fimmtudag voru Árni Johnsen og Sigmundur sagðir flutningsmenn. Frumvarpið hefur verið prentað upp, eins og það er kallað, og er Árni nú einn flutningsmaður.**

**„Árni hafði ámálgað þetta við mig en ég staðfesti aldrei meðflutning,“ segir Sigmundur Ernir. „Í prinsippinu er ég sammála því að illa hafi verið farið með þessa konu en textinn í skjali Árna er ekki eins og út úr mínum munni.“** - bþs



**FRÍSKUR** Nelson Mandela virtist frískur á úrslitaleik HM í fótbolta í Suður-Afríku í fyrra. NORDICPHOTOS/AFP

Læknar kvarta undan ágangi:

# Mandela bregst vel við meðferð

**SUÐUR-AFRÍKA** Læknar Nelsons Mandela segja að hann bregðist vel við meðferð og sé á batavegi. Mandela, sem er 92 ára, var lagður inn á spítala í Jóhannesarborg í Suður-Afríku vegna sýkingar í lungum, en var útskrifaður á föstudag.

Læknar sem sinnt hafa Mandela kvarta yfir ágangi gesta og biðja um að Mandela fái frið til að ná sér af sýkingunni, að því er fram kemur á vef fréttastöðvarinnar CNN. - bj

# Fela garðyrkjustjóra upprætingu á öspum

**Meirihlutinn í borgarstjórn ætlar að uppræta aspir af fjórum götum. Gera á áætlun um hvernig best sé að fækka öspum í miðborginni. Fulltrúi minnihlutans segir að kólnað hafi á Fríkirkjuvegi þegar aspir þar voru látnar víkja fyrir birki.**

**REYKJAVÍKURBORG** Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingar vill fækka öspum í miðborginni.

Samkvæmt tillögu meirihlutans á garðyrkjustjóri að gera áætlun um hvernig best sé að fækka öspum í miðborginni og hefjast strax handa við að fjarlægja þessa trjátegund af Sóleyjargötu, Tjarnargötu, Vonarstræti og Laugavegi. Málið er nú hjá umhverfis- og samgöngusviði borgarinnar, sem að sögn Þórólfs Jónssonar garðyrkjustjóra er að gera úttekt á trjám í miðborginni. Engin kostnaðaráætlun liggur enn fyrir.

Borgarfulltrúar meirihlutans segja vankanta á öspinni. „Hún verður of stór og ræturnar hafa valdið skemmdum, til dæmis sprengt upp gangstéttarhellur og farið í lagnir,“ segir meirihlutinn í greinargerð og bætir við að öspin fari ekki vel í eldri borgarhverfum með lágreistum húsum og fari víða út fyrir það rými sem henni séu ætluð.

Í staðinn fyrir aspir vill meirihlutinn birki og reynitré. Prófa megi fleiri tegundir. „Þar má sérstaklega nefna trjátegundir eins og gráreyni og hlyn. Aðrar athyglisverðar trjátegundir eru silfurreynir, lerki, garðhlynur og blæösp,“ segir í greinargerðinni.

Þegar málið var rætt í borgarstjórn 18. janúar síðastliðinn sagðist Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, hissa á því „hversu hastarlega“ væri vegið að öspinni.

„Við verðum að fara varlega í að úthýsa ekki þessu fína tré sem virkar afar vel í útjöðrum hverfa, sem stakt tré í stórum görðum.





**ASPIR Á LAUGAVEGI** Þessar aspir á Laugaveginum eiga að víkja, samkvæmt tillögu meirihlutans í borgarstjórn sem vill fækka öspum í miðborginni. Aspir á einnig að uppræta á Sóleyjargötu, Vonarstræti og Tjarnargötu í fyrstu hrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**JÓN GNARR**



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**

Að auki er öspin kjörin til þess að gróðursetja í kringum umferðarmannvirki, til dæmis götur og bílastæði. Hún hefur mikinn laufmassa og fangar líka mikið ryk. Hún bætir því verulega andrúmsloftið og meira en margar aðrar trjátegundir, einmitt af því að hún verður svo stór og laufmikil,“ sagði Þorbjörg, sem ræddi einnig aspir á Fríkirkjuvegi sem látnar voru víkja fyrir birki fyrir tveimur árum.

„Það blæs meira á svæðinu, starfsmenn mennta- og leikskólasviðs á Fríkirkjuveginum fullyrða að það hafi kólnað þegar þetta var gert – og enn er ekki víst að birkið þrífist vel á þessum stað,“ sagði Þorbjörg.

Fyrir borgarstjórnarkosningar í fyrra sagði Jón Gnarr, frambjóðandi Besta flokksins og núverandi borgarstjóri, að aspir yllu skemmdum og að flokkurinn vildi fækka þeim í miðbænum og planta fallegri trjám í staðinn. „Að auki er mörgum illa við aspir og finnst þær einfaldlega ljótar og engin prýði af þeim,“ sagði Jón Gnarr í apríl 2010.

gar@frettabladid.is



**HROSS** Fótstaða hross með ofvaxna hófa.

Skal greiða fimmtíu þúsund:

# Sekt fyrir vanhirðu hrossa

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í fimmtíu þúsund króna sekt í héraðsdómi Norðurlands vestra fyrir að hafa vanrækt umhirðu á tveimur hrossum sem voru í hans eigu.

Ákært var fyrir vanhirðu og vanfóðrun þriggja hrossa. Tvö hrossanna voru með svo mikið vaxna hófa að táin stóð upp í loft. Það leiddi til þess að fótstaða þeirra var röng.

Dómurinn féllst ekki á að um vanfóðrun hefði verið að ræða, en féllst á vanhirðuþáttinn. - jss

Miðlun upplýsinga íþyngjandi:

# Banna skrá um greiðsluaðlögun

**PERSÓNUVERND Creditinfo Lánstraust hf. má ekki halda skrá og selja upplýsingar um einstaklinga sem fengið hafa greiðsluaðlögun, samkvæmt nýrri ákvörðun Persónuverndar.**

**Creditinfo rekur meðal annars vanskilaskrá þar sem finna má upplýsingar um vanskil einstaklinga. Persónuvernd telur að skráning upplýsinga um greiðsluaðlögun sé íþyngjandi fyrir þá einstaklinga sem þar um ræðir.**

**Persónuvernd óskaði í janúar í fyrra eftir afstöðu velferðarráðherra til óskar Creditinfo. Enn hefur ekkert svar borist frá ráðuneytinu þrátt fyrir ítrekanir.** - bj






Fyrrverandi formaður landskjörstjórnar gagnrýnir úrskurð Hæstaréttar harðlega:

# Ekki átti að ógilda kosningar

**KOSNINGAR** Ástráður Haraldsson, fyrrverandi formaður landskjörstjórnar, gagnrýnir úrskurð Hæstaréttar um að ógilda kosningar til stjórnlagaþings.

Ástráður sagði í Kastljósi Ríkissjónvarpsins í gærkvöldi að ljóst væri að þeir annmarkar sem hafi verið á kosningum í lok nóvember hafi ekki haft áhrif á niðurstöður kosninganna. Sem kunnugt er sagði landskjörstjórn af sér á föstudag vegna úrskurðar Hæstaréttar um að ógilda kosningarnar.

„Ég er þeirrar skoðunar að það komi berlega fram bæði í öllum málatilbúnaði og raunar í niðurstöðunni að það eru engin atvik sem benda til þess að þeir ágallar sem hafi verið á kosningunni hafi haft áhrif á niðurstöðuna,“ sagði Ástráður.

Hann segir það almenna reglu í kosningarétti að ef ágallar á kosningu séu ekki þess eðlis að þeir hafi haft áhrif á kosningar eigi ekki að ógilda kosningarnar.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagði á Alþingi í gær að ákvarðanir um næstu skref yrðu teknar á vegum Alþingis. Mikilvægt væri að tryggja sem víðtækasta sátt um framhald málsins.

„Ég tel mjög mikilvægt að við förum að úrskurði Hæstaréttar ekki bara að formi heldur í anda,“ sagði Ögmundur, þegar hann svaraði fyrirspurn Helga Hjörvar, þingmanns Samfylkingarinnar. - jhh, pg



**ÓGILDING** Þeir ágallar sem Hæstiréttur finnur að eru ekki þess eðlis að þeir hafi átt að ógilda kosningarnar, segir Ástráður Haraldsson, fyrrverandi formaður landskjörstjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18, www.smaralind.is / 528 8000

**GENGIÐ 31.01.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,81 | 116,37 |
| Sterlingspund | 183,91 | 184,81 |
| Evra | 158,15 | 159,03 |
| Dönsk króna | 21,213 | 21,337 |
| Norsk króna | 19,94 | 20,058 |
| Sænsk króna | 17,829 | 17,933 |
| Japanskt jen | 1,4082 | 1,4164 |
| SDR | 180,72 | 181,8 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,6549

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þingmenn sammála um að umræða um búrkur sé orðin tímabær hér á landi:

# Ráðherra á móti því að banna búrkur

**ALÞINGI** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra er því andvígur að bannað verði að klæðast búrkum hér á landi. Þetta kom fram í umræðum um fyrirspurn Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, á Alþingi í gær.

Ögmundur sagði sterk rök þurfa til að ríkið ákvæði að banna ákveðinn klæðaburð. Þau rök sem hann hefði heyrt hingað til hefðu ekki hljómað sannfærandi.

Þorgerður Katrín sagðist telja að notkun búrka samrýmdist ekki íslensku samfélagsmynstri. Hún vísaði til kvenfrelsissjónarmiða, en ekki síður til þess að ekki væri hægt að átta sig á því hvaða manneskja væri undir slíkum fötum.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði málið snúast um hvort konum ætti að vera heimilt að vera ópersónugreinanlegar á almannafæri. Íhuga yrði í fullri alvöru að leggja bann við slíku.

Þeir Mörður Árnason og Sigmundur Ernir Rúnarsson, þingmenn Samfylkingunnar, og Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokks, lýstu sig andvíg búrkubanni.

Þeir þingmenn sem tóku til máls voru almennt sammála um að nú væri rétti tíminn til að ræða þetta mál, áður en til þess kæmi að konur sem hér byggju kysu að klæðast búrkum eða öðrum fötum sem hyldu líkamann algerlega. Efnislega voru þeir þó ósammála. **- bj**



**UMDEILDUR KLÆÐNAÐUR** Bann við því að ganga um í búrku tekur gildi í Frakklandi í vor. NORDICPHOTOS/AFP

Enn ósamið í Sólheimadeilu:

## Viðræðurnar halda áfram

**FÉLAGSMÁL** Samningar hafa ekki enn náðst milli sveitarfélagsins Árborgar og forsvarsmanna Sólheima í Grímsnesi um rekstur Sólheima.

Gerður var tímabundinn samningur út janúar og hefur ríkissáttasemjari lagt til að hann verði framlengdur út febrúar til að viðræður geti haldið áfram. Deiluaðilar höfðu í gær ekki náð saman um slíka framlengingu en viðræðurnar halda áfram.

Málefni fatlaðra færðust frá ríki til sveitarfélaga um áramót, en ekki tókst að ná samningum um rekstur Sólheima fyrir þann tíma. **- bj**

Slys hjá Dansflokknum:

## Laus af sjúkrahúsi og nær fullum bata

**SLYS Steve Lorenz, dansari Íslenska dansflokksins, mun ekki bíða varanlegan skaða af slysi sem varð á æfingu dansflokksins 21. janúar síðastliðinn.**



STEVE LORENZ

**Þá vafðist band um háls Lorenz, sem missti meðvitund og lá um tíma í öndunarvél á gjörgæsludeild LSH í Fossvogi.**

**Í yfirlýsingu frá Íslenska dansflokknum og Borgarleikhúsinu segir að Steve hafi batnað fyrr en nokkur þorði að vona; hann sé kominn af spítalanum og safni kröftum heima fyrir. „Ljóst er að hann mun ekki bera skaða eftir slysið og stefnir að því að mæta fljótt aftur til æfinga og sýninga,“ segir þar.** **- pg**

# Tölvan var útbúin sem gagnamiðlari

**Fartölvan sem fannst í Alþingishúsinu var útbúin sem gagnamiðlari. Hún gat tekið við gögnum og áframsent án þess að þess sæjust nokkur merki í henni. Lögreglan rannsakar tvö tölvumál. Aðeins einn hefur stöðu grunaðs manns.**

**LÖGREGLUMÁL** Fartölvan sem fannst í Alþingishúsinu fyrir ári var útbúin sem gagnamiðlari, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Rannsókn lögreglu á henni hefur leitt í ljós að ekkert stýrikerfi var inni á henni, þannig að einungis var hægt að ræsa hana með stýrikerfi sem var utan hennar. Tölvan var forrituð með þeim hætti að hún gat tekið við gögnum og sent þau áfram, án þess að þess sæjust nokkur merki í henni eftir að búið var að slökkva á henni.

Fartölvan var tengd við tölvukerfi Alþingis frá 28. desember 2009 til 2. febrúar 2010, þegar starfsmaður Alþingis fann hana á skrifstofu nefndasviðs Alþingis. Netsnúra sem tengdist borðtölvu í herberginu hafði verið tekin úr sambandi og tengd við fartölvuna. Tölvan var í gangi þegar komið var að henni en búið var að slökkva á henni þegar lögregla fékk hana í hendur til rannsóknar. Hún reyndist vera auðkennalaus þar sem merkingar höfðu verið máðar af henni.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, tjáði Fréttablaðinu að málið væri enn til rannsóknar og óupplýst.

„Það er ekki tímabært að segja neitt um gang rannsóknarinnar sem slíkrar á þessari stundu,“ sagði hann í gær.

Enginn hefur réttarstöðu grunaðs manns í málinu, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Annað tölvumál sem er til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu tengist umfjöllun fjölmiðla um málefni Eiðs Smára Guðjohnsen og Karls Wernerssonar. Þar er ungur piltur, átján ára, grunaður um að hafa stolið tölvugögnum og miðlað þeim áfram til fjölmiðla. Starfsmaður Milestone kærði gagnastuldinn til lögreglu. Pilturinn hafði unnið fyrir Milestone og aðstoðað þar við tölvuvinnslu ýmissa gagna.

Lögregla lagði hald á nokkrar tölvur hjá unga manninum og hefur tekist að rannsaka innihald þeirra að mestu leyti. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur rannsóknin skilað nokkrum vísbendingum. Pilturinn sem um ræðir hefur lítillega komið við sögu hjá lögreglu. Hann hefur verið yfirheyrður í þremur málum, þar á meðal þessu. Hann er eini einstaklingurinn sem hefur réttarstöðu grunaðs manns í þessu máli. Hann dvelur erlendis um þessar mundir. **jss@frettabladid.is**



**NEFNDASVIÐ OG SKRIFSTOFUR** Tölvan fannst á fimmtu hæð Alþingis, þar sem til húsa eru nefndasvið og skrifstofur Alþingis.

### Vill afsökunarbeiðni og eina milljón

Lögfræðistofa Reykjavíkur sendi í gær Morgunblaðinu kröfu um afsökunarbeiðni og greiðslu miskabóta í kjölfar umfjöllunar blaðsins um tölvumálin tvö sem nú eru til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Í umfjölluninni var staðhæft að Ingi Freyr Vilhjálmsson, blaðamaður á DV, hefði réttarstöðu grunaðs manns þar eð hann hefði fengið ungan mann til að stela fyrir sig gögnum gegn þóknun. Þess var krafist að Morgunblaðið birti leiðréttingu á forsíðu og greiddi Inga Frey eina milljón króna.

Sjúkrahús sameinast í dag:

## St. Jósefs verður Landspítalinn

**HEILBRIGÐISMÁL St. Jósefsspítali í Hafnarfirði sameinast í dag Landspítalanum, samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneytinu. Gert er ráð fyrir því að allir núverandi starfsmenn St. Jósefsspítala verði starfsmenn Landspítalans eftir sameininguna.**

**Sameinað sjúkrahús verður rekið undir nafni Landspítalans. Gert er ráð fyrir að legudeild lyflækninga verði áfram í húsnæði St. Jósefsspítala.**

**Hjúkrunarheimilið Sólvangur verður skilið frá St. Jósefsspítala fyrir sameininguna og rekið tímabundið sem sjálfstæð stofnun þar til nýtt hjúkrunarheimili rís í Hafnarfirði.** **- bj**

SVÞ styðja sjávarútveginn:

## Vilja víðtæka sátt um veiðar

**KJARAMÁL** Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) ákváðu eins og önnur aðildarfélög Samtaka atvinnulífsins (SA) að styðja sjávarútveginn í því að reyna að ná fram sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið segir Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVÞ.



**MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR**

SA hafa gert samkomulag í sjávarútvegsmálum sem skilyrði þess að hægt sé að gera kjarasamning til þriggja ára.

Margrét segir stuðning SVÞ við þá áherslu ekki þýða að SVÞ vilji standa vörð um óbreytt kerfi. Nú sé sögulegt tækifæri til að ná víðtækri sátt um sjávarútvegsmálin. Óeining undanfarinna ára sé slæm fyrir alla. **- bj**






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**LÆGÐAGANGUR**
Veður verður ekkert sérlega gott á köflum næstu daga enda lægðir að ganga yfir landið með tilheyrandi vind og úrkomu. Það frystir um allt land er líður á daginn og verður heldur svalt í veðri út vikuna.




**Á MORGUN**
10-18 m/s V-til, annars hægari.

**FIMMTUDAGUR**
8-13 m/s, en hvassara við S-ströndina.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Basel | 3° |
| Berlín | 1° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 2° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 7° |
| Mallorca | 12° |
| New York | 0° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | 2° |
| París | 4° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# Opnir fundir með nýjum stjórnendum Landsbankans

Á fundunum munu stjórnendur Landsbankans kynna nýja stefnu bankans og framtíðarsýn, breytingar sem orðið hafa og aðgerðaáætlun næstu mánaða. Við viljum hlusta eftir skoðunum og viðbrögðum ykkar, eigenda bankans, til að efla bankann enn frekar.

Framkvæmdastjórn bankans mun sitja fyrir svörum í opnum umræðum. Við hvetjum ykkur til að koma og eiga opinská samskipti við okkur.

**Allir velkomnir!**



**Fimmtudagur 3. febrúar kl. 20.00**
**Akureyri** – Menningarhúsið Hof

**Laugardagur 5. febrúar kl. 13.00**
**Ísafjörður** – Edinborgarsalurinn

**Mánudagur 7. febrúar kl. 20.00**
**Egilsstaðir** – Hótel Hérað

**Þriðjudagur 8. febrúar kl. 20.00**
**Selfoss** – Hótel Selfoss

**Miðvikudagur 9. febrúar kl. 20.00**
**Hafnarfjörður** – Bæjarbíó

**Fimmtudagur 10. febrúar kl. 20.00**
**Akranes** – Bíóhöllin

**Mánudagur 14. febrúar kl. 20.00**
**Reykjanesbær** – Duushús

**Þriðjudagur 15. febrúar kl. 17.00**
**Reykjavík** – Grand Hótel

**Fimmtudagur 17. febrúar kl. 20.00**
**Höfn í Hornafirði** – Nýheimar

Hægt er að skrá sig á opna fundi á **landsbankinn.is.**
Við vonumst til að sjá sem flesta.

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

## KJÖRKASSINN



*Fylgdist þú með leik Íslendinga um 5. sæti á heimsmeistaramótinu í handknattleik?*

| | |
|---|---|
| Já | 47,2% |
| Nei | 52,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að banna konum að klæðast búrkum á Íslandi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra á Alþingi í gær:

# Kollvörpum ekki sjávarútvegi

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að það sé ekki boðleg umræða að segja að stjórnvöld ætli sér að kollvarpa undirstöðum sjávarútvegsins. Hann hvetur útgerðarmenn og stjórnmálamenn til að hætta slíkum málflutningi.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, spurði Steingrím á Alþingi hvort hann teldi hættandi á að fara þá fyrningarleið við endurskoðun stjórnunar fiskveiða sem Samfylkingin hefði ítrekað stuðning sinn við á fundi flokksstjórnar síðastliðinn laugardag. Sérfræðingar teldu fyrningarleið geta kallað gjaldþrot yfir helming sjávarútvegsfyrirtækja.

Steingrímur sagði allar leiðir við endurskoðun stjórnkerfis fiskveiða fela í sér einhvers konar fyrningu og endurráðstöfun aflaheimilda. Mestu skipti útfærslan og starfsskilyrði sjávarútvegsins í framhaldinu. Það að skapa þyrfti stöðugt starfsumhverfi þýddi ekki að engu mætti breyta. Stóran hluta skulda, sem að sögn sliguðu nú sjávarútveginn, mætti ýmist rekja til þess að útgerðir voru keyptar út úr greininni eða til taps vegna annarra fjárfestinga. **- pg**



**BJARNI BENEDIKTSSON** Segir þingmenn tala fyrir fyrningarleið sem geti leitt til fjölda gjaldþrota. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Formannsslagurinn í VR:

# Guðrún vill í formannsstól

**FÉLAGSMÁL** Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, nemi og stjórnarmaður í VR, býður sig fram til formanns félagsins.

Framboðsfrestur til kosninganna, sem fram fara í mars, rennur út á fimmtudag, en þegar hafa Stefán Einar Stefánsson og Lúðvík Lúðvíksson lýst því yfir að þeir sækist eftir embættinu. Núverandi formaður, Kristinn Örn Jóhannesson, segist í samtali við Fréttablaðið ekki hafa ákveðið hvort hann muni sækjast eftir endurkjöri. **- þj**




HANNA felting

ÚTSÖLULOK 40%-60% AFSLÁTTUR

Laugavegur 20B, við Klapparstíg 551 5070 hanna.is


# Hringlandi í meðferð milliríkjasamskipta

**Samskipti háttsettra íslenskra embættismanna við erlenda kollega eru ýmist hljóðrituð, skrifuð um þau minnisblöð eða látið hjá líða að skrásetja nokkuð um þau. Um þetta gilda engar reglur. Málið er til athugunar í stjórnarráðinu.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða reglur og venjur gilda um samskipti íslenskra embættismanna við erlenda kollega sína?

Allur gangur er á því hvernig staðið er að því í íslenskri stjórnsýslu að skrásetja eða varðveita samskipti embættismanna við erlenda kollega. Um það eru ekki til neinar samræmdar reglur.

Fram hefur komið, meðal annars í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, að til sé upptaka af samtali Davíðs Oddssonar, þáverandi seðlabankastjóra, og Mervyns King, bankastjóra Englandsbanka. Davíð hefur sagt að þar segi King að ekki verði gengið eftir Icesave-skuldinni hjá Íslendingum. Ekki er einhugur um þá túlkun meðal þeirra sem heyrt hafa upptökuna.

Þetta hefur gefið fulltrúum stjórnarandstöðunnar í fjárlaganefnd tilefni til að krefjast þess að upptakan verði gerð opinber.

Samkvæmt íslenskum lögum um persónuvernd er óheimilt að hljóðrita samtal nema að fengnu leyfi hins þátttakandans. Davíð hljóðritaði samtalið hins vegar án vitundar Mervyns King.

Þetta vekur spurningar um það hvernig er almennt farið með samskipti háttsettra embættismanna milli landa.

Úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál frá síðasta ári hefur að geyma upplýsingar um vinnulag í kringum millilandasamskipti af þessum toga. Fréttamaður Ríkisútvarpsins óskaði eftir afritum af símtölum nokkurra ráðherra við breska og hollenska starfsbræður þeirra um Icesave-málið en var synjað um þau þar sem afhending þeirra hefði raskað mikilvægu trausti í samskiptum milli ríkja.

Fram kemur í úrskurðinum að samtöl Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra við Gordon Brown og Jan Peter Balkenende hafi ekki verið hljóðrituð. Einu gögnin sem til séu um samtölin séu svokallaðar frásagnir af meginatriðum sem starfsmaður stjórnarráðsins hafi skrifað upp eftir minni að samtölunum loknum. Þetta er í samræmi við almennt verklag í ráðuneytinu.

Fram kemur að upptaka sé til af samtali Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra við Alistair Darling, en ekki af samtali við hinn hollenska Wouter Bos.

Að síðustu kemur fram að samtal Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra við David Miliband hafi verið um GSM-síma Össurar. „Það var því tekið upp, afritað með öðrum hætti, skrifað upp eða minnispunktar gerðir varðandi efni símtalsins."

Við þetta má bæta að fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndarinnar að Árni Mathiesen hafi í miðju bankahruni fyrir mistök eytt samtali Geirs H. Haarde við Gordon Brown út af upptökutæki þegar hann fékk það lánað. Vandræðin í kringum þetta vinnulag eru gagnrýnd í skýrslunni.

Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, segir að í stjórnarráðinu séu menn nú að fara yfir alla gagnrýni á stjórnsýsluna sem finna megi í skýrslunni. „Við erum búin að kortleggja það algjörlega og gera lista yfir allt það sem til okkar friðar heyrir í því. Þetta er meðal fjölmargra atriða sem við erum að skoða."

**stigur@frettabladid.is**



**ÓLÍKAR AÐFERÐIR** Steingrímur, Davíð, Össur og Jóhanna fóru síður en svo eins að þegar þau áttu samskipti við erlenda starfsbræður sína.


Auglýsingasími 512 50 50




Allt sem þú þarft...



FÍR FÉLAG ÍSLENSKRA RAFVIRKJA

**Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs**

*Samkvæmt 32. gr. laga Félags íslenskra rafvirkja skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar og trúnaðarráðs.*

*Með hliðsjón að framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 12.00 mánudaginn 28. febrúar 2011 og ber að skila tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins.*

*Hverjum framboðslista skulu fylgja skrifleg meðmæli minnst 154 fullgildra félagsmanna*

Reykjavík 30. janúar 2011.

*Stjórn Félags íslenskra rafvirkja*


Allir þingmenn Suðurkjördæmis og sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum:

# Þrýsta á um flutning Gæslunnar

**STJÓRNMÁL** Allir þingmenn Suðurkjördæmis og oddvitar meirihluta og minnihluta í sveitarstjórnum á Suðurnesjum skora á ríkisstjórnina að flytja Landhelgisgæsluna til Suðurnesja.

Áskorun þar um hefur verið send forsætisráðherra og innanríkisráðherra.

Í henni er hvatt til þess að lokið verði hið fyrsta við skoðun á kostum þess að flytja starfsemi Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi í Reykjanesbæ í nóvember að láta skoða vandlega kosti þess að flytja starfsemi Gæslunnar á gamla athafnasvæði Bandaríkjahers á Miðnesheiði.

Í áskoruninni segja þing- og sveitarstjórnarmenn fjölmarga kosti fylgja flutningum en að slæmt atvinnuástand á svæðinu þrýsti á að öllum ákvörðunum sem tengist starfsemi á því sé hraðað sem kostur er. Miklu skipti að fyrir liggi ákvörðun og óvissu um framgang málsins verði eytt.

Bent er að á Reykjanesi sé húsnæði, flugbrautir, góð hafnaraðstaða og fullnægjandi stoðkerfi. Þaðan sé að auki stutt á aðalathafnasvæði Landhelgisgæslunnar; hafsvæðið umhverfis Ísland.

Er það mat þingmanna og sveitarstjórnarmanna að við flutning muni Gæslan eflast.



**AÐ STÖRFUM** Starfsmenn og þyrla Landhelgisgæslunnar.

Segja þeir að samstaða þeirra, þvert á stjórnmálaflokka, gefi væntingar um að ákvörðun um flutning gangi eftir hið fyrsta.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir það meginforsendu fyrir flutningi Gæslunnar til Suðurnesja að óyggjandi sé „að ekki sé óhagkvæmara að reka stofnunina þar en í Reykjavík". **- bþs**

# MATREIÐSLUSKÓLI
## Hagkaups - ný námskeið

Matreiðsluskóli
Hagkaups



### HRÁFÆÐISNÁMSKEIÐ SOLLU

Frábært námskeið fyrir byrjendur í hráfæði. Kennt verður hvernig hægt er að útbúa einfalda, fljótlega, holla og bragðgóða hráfæðisrétti, ásamt girnilegum eftirréttum.

Allir réttirnir passa vel með kjöti, fiski og venjulegum grænmetismat - en standa líka einir og sér sem hin fullkomna hráfæðismáltíð. Formið á námskeiðinu er sýnikennsla og fræðsla. Uppskriftir og uppskriftabók fylgja, ásamt fullri máltíð.

DAGSETNING
8. feb. - Holtagarðar
10. feb. - Holtagarðar
22. feb. - Holtagarðar
24. feb. - Holtagarðar

STAÐUR Hagkaup Holtagörðum

TÍMI 17:50 -20:00

SKRÁNING http://events.glo.is

VERÐ kr. 4.990,-

### CUPCAKES NÁMSKEIÐ MEÐ RIKKU Örfá sæti laus

Cupcake skreytinga námskeið Rikku mun leiða þátttakendur í gegnum galdurinn við glæsilegar skreytingar.

STAÐUR Hagkaup Smáralind

TÍMI 18:00 -20:00

SKRÁNING cupcakes@hagkaup.is eða í síma 563 5082

VERÐ kr. 5.900,- (greitt á staðnum)

DAGSETNING
3. feb. - Smáralind
9. feb. - Smáralind
10. feb. - Smáralind



### NÝTT NÁMSKEIÐ MEÐ RIKKU

Lærðu réttu tökin við að elda girnilega kjúklingarétti með Rikku í frábærri aðstöðu Hússtjórnarskólans. Skemmtileg námskeið þar sem allir þátttakendur fá að elda og bragða á gómsætri kjúklingaveislu.

STAÐUR Hússtjórnarskólinn við Sólvallargötu

TÍMI 19:00 -22:00

SKRÁNING silja@hagkaup.is eða í síma 563 5082

VERÐ kr. 5.900,- (greitt á staðnum)

DAGSETNING
22. feb. - Hússtjórnarskólanum
23. feb. - Hússtjórnarskólanum
1. mars. - Hússtjórnarskólanum
2. mars. - Hússtjórnarskólanum

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvaða eiturefni óttast umhverfisfræðingur að finna megi í gömlum húsum hér á landi?*

**2.** *Hvers konar athvarf ætla Stígamót að opna á næstunni?*

**3.** *Fyrir hvaða félag skoraði fótboltamaðurinn Kolbeinn Sigþórsson fimm mörk á laugardag?*

**SVÖR:**

**3.** *AZ Alkmaar.*

**1.** *PCB-eiturefni.* **2.** *Vændisathvarf.*

Þingsályktunartillaga um að ræktun erfðabreyttra lífvera fari einungis fram inni í lokuðum gróðurhúsum:

# Þingmenn hafna útiræktun erfðabreyttra lífvera

**UMHVERFISMÁL** Sex þingmenn þriggja stjórnmálaflokka hafa lagt fram þingsályktunartillögu þar sem þess er farið á leit að ríkisstjórnin skipi starfshóp til að vinna að breytingum á lögum og reglugerðum í þeim tilgangi að banna útiræktun á erfðabreyttum lífverum eigi síðar en 1. janúar 2012.

Þingmennirnir sem standa að tillögunni eru Þuríður Backman, Atli Gíslason, Ólafur Þór Gunnarsson og Þráinn Bertelsson frá Vinstri grænum, Mörður Árnason Samfylkingunni og Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar.

Í greinargerð með tillögunni segir að í henni felist að ræktun á erfðabreyttum lífverum fari einungis fram inni í lokuðum gróðurhúsum eða tilraunastofum, þar sem hægt verði að hafa stöðugt eftirlit með henni og tryggt sé að erfðabreytt efni sleppi ekki út í nærumhverfi ræktunarsvæðisins.

Þingmennirnir segja í greinargerðinni að með því að taka tillit til eðlilegra varúðarsjónarmiða vísindamanna sé hægt að koma til móts við alla hagsmunaaðila.

Tilefni tillögunnar er harðvítugar deilur um útiræktun ORF Líftækni á erfðabreyttu byggi, en í júní 2009 veitti Umhverfisstofnun fyrirtækinu tilraunaleyfi til slíkrar ræktunar. Sjö aðilar kærðu ákvörðunina. Umhverfisráðuneytið staðfesti ákvörðun um leyfisveitinguna í desember 2010. **- shá**



**GRÆNA SMIÐJAN** Gagnrýnendur vilja að ræktunin fari fram innandyra eins og í þessu hátæknigróðurhúsi ORF Líftækni. MYND/ORF

Kjaradeilur á Reyðarfirði:

## AFL vísar deilu við Eimskip til sáttasemjara

**KJARAMÁL** AFL Starfsgreinafélag vísaði kjaradeilu vegna vinnu við Mjóeyrarhöfn við Reyðarfjörð til ríkissáttasemjara síðastliðinn föstudag.

Á heimasíðu félagsins segir að óskað hafi verið eftir viðræðum við Eimskip um sérkjarasamning síðan í október 2009. Félagið hafi í byrjun janúar vakið athygli á að kjarasamningar væru lausir en Eimskip hafi „ekki virt félagið svars“, eins og þar segir. Því hafi deilunni verið vísað til sáttasemjara.

Um þessa höfn eru flutt á sjötta hundrað þúsund tonn af vörum á ári, þar á meðal öll aðföng og útflutningur álvers Alcoa. **- þj**

Andvirði lóða um 60 milljarðar:

## Búseturéttur í Kristjaníu fyrir Hæstarétti

**KAUPMANNAHÖFN Hæstiréttur Danmerkur mun í vikunni ákveða framtíð Kristjaníu í Kaupmannahöfn.**

**Rétturinn mun úrskurða um hvort ríkið eða íbúar Kristjaníu eigi búseturétt í fríríkinu. Eystri-landsréttur úrskurðaði árið 2009 að búseturéttur Kristjaníubúa væri uppsegjanlegur af hálfu ríkisvaldsins.**

**Komist Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að ríkið ráði búseturéttinum má búast við að þessum rétti verði sagt upp með 18 mánaða fyrirvara. Áætlað hefur verið að samanlagt andvirði lóða í Kristjaníu sé um 3 milljarðar danskra króna eða yfir 60 milljarðar íslenskra króna.**

# Herinn segist ekki munu beita valdi

**Talsmaður hersins í Egyptalandi segir að kröfur almennings séu lögmætar og herinn muni tryggja tjáningarfrelsi. Breytingar Mubaraks á ríkisstjórninni sefa ekki mótmælendur. Búist við miklum mannfjölda í miðborg Kaíró í dag.**

**KAÍRÓ, AP** Egypski herinn mun ekki beita valdi til að kveða niður mótmælin sem hafa ríkt óslitið í landinu í rúma viku.

Þetta tilkynnti talsmaður hersins í sjónvarpsávarpi í gær, en varaði þó við því að öryggi landsins yrði ógnað. Hann undirstrikaði að herinn hefði ekki hingað til og hygðist ekki beita valdi gegn almenningi og væri „meðvitaður um hinar réttmætu kröfur heiðvirðra borgara landsins“.

Talsmaðurinn skýrði þó ekki nánar hvað félli undir „réttmætar kröfur“, það er, hvort hann væri að tala um almennar þjóðfélagsumbætur eða hvort herinn styddi kröfur um afsögn Hosni Mubarak, sem hefur ríkt sem forseti í nær þrjá áratugi.

Þessi yfirlýsing þykir vera merki um að herinn, sem er vel liðinn af almenningi, sé tilbúinn til að leyfa friðsamlegar mótmælaaðgerðir þó að það verði til þess að Mubarak hrökklist frá völdum.

Mubarak tilkynnti í gær um enn frekari breytingar á ríkisstjórn sinni. Hann kynnti til sögunnar 14 nýja ráðherra, af 29 alls, sem fæstir eru úr röðum hans flokks.

Meðal þeirra sem voru látnir fara var innanríkisráðherrann, sem stýrði öryggissveitum forseta. Hann var almennt fyrirlitinn þar sem sveitir þessar eru taldar hafa gengið hvað harðast fram gegn mótmælendum.

Mubarak fól einnig varaforseta landsins að hefja endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Daglegt líf í landinu er farið úr skorðum eftir róstur síðustu daga þar sem samgöngur innanlands eru í lamasessi auk þess sem bankar, skólar og hlutabréfamarkaðurinn hafa verið lokaðir í dagavís.

Engan bilbug er þó að finna á mótmælendum, en helstu hópar mótmælenda ætla að hittast í dag og ræða framhaldið.

Þar er áætlað að setja saman samræmda kröfugerð og einnig ákveða hvort Mohamed ElBaradei verði gerður að talsmanni mótmælenda.

Eftir fundinn hefur svo verið kallað eftir því að milljón Egypta komi saman á Tahír-torg í miðborginni og ítreki kröfur sínar um að Mubarak segi af sér.

Alþjóðasamfélagið, þar á meðal Bandaríkin og Evrópusambandið, hefur ítrekað tilmæli sín um að mótmælendur og stjórnvöld sýni hófsemi í aðgerðum sínum og að stjórnarskipti verði friðsöm og lýðræðisleg. thorgils@frettabladid.is



**VARÐSTAÐA** Egypskir hermenn standa vaktina þar sem píramídarnir í Gíza sjást í bakgrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP







**Aukaopnun:**
Opið 11-21
í kvöld

# FLOTTAR VÖRUR Á
# FÁRÁNLEGU VERÐI

# GÖTU-
# MARKAÐUR

Síðustu forvöð
að gera dúndurkaup

**20%**
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
af allri útsöluvöru

Bláa **bomban**
heldur áfram inni í versluninni

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI



**DANSAÐ** Búlgarskir dansarar sýna hefðbundna dansa á grímubúningahátíð í bænum Pernik í Búlgaríu. NORDICPHOTOS/AFP

Herða reglur um ávísun lyfja við ofvirkni og athyglisbresti:

# Fá ekki ávísað frá mörgum læknum

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisyfirvöld hafa tekið upp nýjar reglur um lyfjaskírteini og hert á tilkynningarskyldu til landlæknis til að draga úr ofnotkun og sporna við misnotkun lyfja við athyglisbresti og ofvirkni (ADHD).

Héðan í frá geta einstaklingar ekki fengið ávísað lyfjum frá mörgum læknum og hafa breytingar verið gerðar á greiningarferli ADHD. Þá mun Landlæknir hafa aukið eftirlit með ávísunum lækna á þessum flokki lyfja.

Um er að ræða lyf líkt og Ritalin og Concerta, en notkun þessara lyfja jókst um tæplega 50 prósent hér á landi á árunum 2004 til 2008. Þá nam neysla 11,15 dagskömmtum á hverja 1.000 íbúa. Á Norðurlöndum var notkunin næstmest í Noregi, 4,40 skammtar á hverja 1.000 íbúa.

Árið 2010 var hvergi í heiminum neytt eins mikils af þessum lyfjum, en aukningin hér á landi var mest meðal fullorðinna. Um 40 prósent notenda lyfja vegna ADHD eru eldri en 20 ára.

Útgjöld Sjúkratrygginga Íslands vegna þessara lyfja jukust úr 190 milljónum króna árið 2006 í 544 milljónir króna árið 2010. - þj




**RITALIN OG CONCERTA** Nýjar reglur um lyf við ADHD eiga að sporna við ofnotkun og misnotkun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hreindýrakvóti ársins 2011:

# Leyfa veiðar á 1.001 hreindýri

**VEIÐI** Umhverfisráðuneytið hefur heimilað veiðar á 1.001 hreindýri á þessu ári, að því er fram kemur í auglýsingu frá ráðuneytinu. Þar af eru 580 kýr og 421 tarfur.

Heimildin er með fyrirvara um breytingar á stofnstærð.

Veiði er heimil frá og með 15. júlí til og með 15. september og veiði á kúm er heimil frá og með 1. ágúst til og með 20. september. Óheimilt er að veiða kálfa og þá eru veturgamlir tarfar alfriðaðir.

Veiðikvóti var 1.333 dýr árið 2009 og 1.272 í fyrra. - þj

Stökktu til Kanarí
8 eða 15. febrúar

Allra síðustu sætin!
Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum 8. eða 15. febrúar í viku eða í tvær viku á frábæru tilboði. Þú bókar flugsæti og fjórum dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Þú getur valið hvort þú kýst að kaupa gistingu án fæðis eða gistingu með allt innifalið. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á þessum vinsæla áfanga-stað á ótrúlegum kjörum. Flogið er til London á leið til Kanaríeyja. Beint flug heim frá Kanaríeyjum

Verð kr. 99.900
Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíó / íbúð í viku.
Aukavika kr. 29.580.- á mann.

Verð kr. 119.900
með allt innifalið
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi í viku með allt innifalið.
Aukavika kr. 40.000.- á mann.

Heimsferðir Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildamyndina:
Nýtt þak yfir höfuðið (2008)
Askja, st. 132, fimmtudagur 3. febrúar 2011, kl. 17:30
Heimili fátækrar smábændafjölskyldu er lagt í rúst í miklu flóði. Slæmar aðstæður þeirra urðu skyndilega verri. Uppskeran eyðilegst og þau þurfa að koma sér upp nýju húsnæði sem eykur spennuna innan fjölskyldunnar. Heimili er annað og meira en járn og spýtur. Myndin varpar þörfu ljósi á þau langtímaáhrif sem náttúruhamfarir geta haft á líf fólks.





Aðgangur ókeypis og allir velkomnir. Lengd: 52’

北极光孔子学院
KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS
Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

# Segir hrun blasa við í tónlistarkennslu

**Félag tónlistarskólakennara er ósátt við 18 prósenta niðurskurð í tónlistarstarfi. Formaður menntaráðs bindur vonir við að niðurskurðurinn verði minni.**

**MENNTAMÁL** Reykjavíkurborg hefur boðað allt að átján prósenta niðurskurð á fjárveitingum til tónlistarskóla á komandi skólaári. Viðræður ríkis og borgaryfirvalda standa þó yfir og segir formaður menntaráðs Reykjavíkur að hún sé bjartsýn á að ná niðurskurðartölunni niður í ellefu prósent.

Niðurskurðurinn er boðaður ofan á gildandi þjónustusamninga borgarinnar og tónlistarskólanna og segir Sigrún Grendal, formaður Félags tónlistarskólakennara, að í þeim samningum sé kveðið á um að skólarnir skuli veita tilteknum fjölda nemenda þjónustu út núverandi skólaár.

„Skilaboðin til skólanna eru þau að ef þeir eigi að halda sig innan ramma fjárheimilda þurfi þeir að framkvæma yfir fimmtíu prósenta niðurskurð á næsta hausti,“ segir Sigrún. „Og leggst það ofan á tuttugu prósenta niðurskurð frá árunum 2008 til 2010.“

Sigrún bendir einnig á að næsta haust eigi líklega að fella niður fjárframlög til nemenda sem hafi náð sextánda aldursári.

„Þar með er verið að ganga algjörlega gegn eðli og uppbyggingu tónlistarfræðslu,“ segir hún. „Borgin hefur gegnt mikilvægu hlutverki í þessu kerfi, þar sem nemendur sem eru lengst komnir í námi í tónlistarskólum af landinu öllu hafa sótt til Reykjavíkur til að sækja sér menntun á efri stigum. Nái þessar áætlanir fram að ganga blasir við hrun á kerfinu.“

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs Reykjavíkur, segir margar villandi tölur vera í umferð og þær beri að skoða með hliðsjón af viðræðum sveitarfélaga við ríkið um framtíðarfyrirkomulag tónlistarnáms þeirra sem eldri eru og sé þá gjarnan miðað við sextán ára aldurinn.

„Við erum að móta stefnu til framtíðar og í ágúst samþykktu allir flokkar að börn og ungmenni yrðu þar í forgangi,“ segir Oddný. „Síðan yrðu settar einhvers konar aldurstakmarkanir haustið 2011. En það kemur ekki til greina að fella niður fjárveitingar til allra sem eru eldri en sextán ára.“

Oddný segir menntaráð hafa fundað reglulega með fulltrúum skólastjóra og kennara tónlistarskóla við mótun stefnunnar. Einnig sé verið að vinna í því að finna farsæla lausn til framtíðar í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Hún segir viðræður vera að taka á sig mjög jákvæða mynd og munu sennilega vera þeim tónlistarnemendum sem eldri eru til framdráttar.

sunna@frettabladid.is



**SIGRÚN GRENDAL** Formaður Félags tónlistarskólakennara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Boðað til listrænna mótmæla

Tónlistarnemendur í Reykjavík hafa boðað til mótmæla gegn fyrirhuguðum niðurskurði fyrir framan Ráðhús Reykjavíkur í dag. Á Facebook-síðunni „Samstaða um framhald tónlistarskólanna“ hafa um 1.700 manns boðað komu sína. Mótmælafundurinn hefst klukkan 13.30 og hafa borgarstjóri Reykjavíkur og mennta- og menningarmálaráðherra bæði fengið formlegt boð. Ávörp verða haldin á fundinum og mun Garðar Cortes, skólastjóri Söngskólans í Reykjavík, stjórna fjöldasöng. Einnig verður sérstökum boðsgestum boðið að ávarpa fundinn.




Lífeyrissparnaður

Vilt þú hafa það gott þegar þú hættir að vinna?

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 444 7000
eða kynntu þér kosti lífeyrissparnaðar á arionbanki.is

Við tökum vel á móti þér.

Arion banki

# ÚTSÖLULOK



**Loftljós**
Verð 24.900 kr.
**Tilboð 14.000 kr.**



**Borðlampi**
Verð 5.990 kr.
**Tilboð 2.500 kr.**



**Ljósakróna**
Verð 45.900 kr.
**Tilboð 29.000 kr.**

**Gólflampi með stækkunargleri**
Verð 56.900 kr.
**Tilboð 36.000 kr.**





**Borðlampi**
Verð 7.590 kr.
**Tilboð 4.000 kr.**



**Roseline gólflampi**
Verð 79.900 kr.
**Tilboð 40.000 kr.**



**Amore loftljós**
Verð 25.900 kr.
**Tilboð 14.000 kr.**



**Loftljós**
Verð 47.900 kr.
**Tilboð 30.000 kr.**



**Alba loftljós**
Verð 15.900 kr.
**Tilboð 6.500 kr.**



**Gólflampi**
Verð 18.900 kr.
**Tilboð 12.000 kr.**

**Fjöldi sýnishorna á ótrúlega góðu verði!**



**Loftljós**
Verð 18.900 kr.
**Tilboð 10.000 kr.**



**Loftljós**
Verð 9.890 kr.
**Tilboð 4.500 kr.**



**Borðlampi**
Verð 8.990 kr.
**Tilboð 4.000 kr.**



**Teris loftljós**
Verð 69.900 kr.
**Tilboð 45.000 kr.**



**Útiljós**
Verð 10.900 kr.
**Tilboð 6.000 kr.**



**Lesljós**
Verð 14.900 kr.
**Tilboð 8.000 kr.**

PFAFF

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is



**HJÓLA HVORT Í SÍNA ÁTTINA** Flæmskumælandi og frönskumælandi Belgar settust á þetta nýstárlega reiðhjól til að vekja athygli á stjórnarkreppunni í landinu, þar sem þjóðirnar tvær koma sér ekki um hvort þær eigi að búa saman eða ekki. NORDICPHOTOS/AFP

Grunnnámi í Lögregluskóla ríkisins frestað um mánuð:

# Frestun slæm fyrir nemendur

**MENNTAMÁL** Frestun um mánuð á grunnnámi í Lögregluskóla ríkisins hefur komið illa við suma væntanlegra nemenda. Þeir hafa sagt upp vinnu sinni og gert ráðstafanir varðandi húsnæði miðað við að námið hæfist í dag, 1. febrúar, eins og til stóð.

„Ég sé fram á atvinnulausan febrúarmánuð,“ segir Konráð Þorleifsson á Sauðárkróki, sem sagði upp atvinnu sinni frá og með deginum í dag.

Hann segir frestunina ekki koma niður á húsnæðismálum hjá sér þar sem hann muni dvelja hjá ættingja á höfuðborgarsvæðinu á námstímanum.



**LÖGREGLAN** Tuttugu nýnemar hafa verið valdir í Lögregluskólann.

„Ég veit af öðrum utan af landi sem var búinn að leigja íbúðina sína út og taka aðra á leigu í Reykjavík. Hann varð að semja við leigusalann um að koma í mars en ekki byrjun febrúar og svo varð hann að fara úr húsnæðinu sínu, þar sem hann var búinn að leigja það út og fá jafnvel inni hjá skyldmennum.“

Þeir tuttugu nýnemar sem búið var að veita inngöngu í Lögregluskólann ætla allir að þiggja skólavistina þrátt fyrir frestunina. Hún kemur til af því að Alþingi hefur ekki afgreitt frumvarp um breytingu á lögreglulögum sem lýtur að breytingum á launagreiðslum til lögreglunema. - jss

Kjaraviðræður SFR:

# Of stuttir samningar ekki góðir

**KJARAMÁL** SFR, stéttarfélag í almannaþjónustu, leggur til að kjarasamningar verði gerðir til 18 til 24 mánaða; styttri samningar þjóni ekki hagsmunum launþega.

Á fimmtudag kynnti SFR þá kröfu að lögð yrði áhersla á krónutöluhækkun á þessu ári, til að hækka lægstu laun, en á næsta ári yrðu prósentuhækkanir til að vinna að kaupmáttarleiðréttingu fyrir alla félagsmenn. Einnig var þess krafist að launatafla félagsins yrði endurnýjuð, sem og stofnanasamningar. - þj



**VITNI VANTAR** Lögregla lýsir eftir vitnum að árekstri sem varð í gær.

Lýst eftir vitnum að slysi:

# Deilt um stöðu umferðarljósa

**UMFERÐ Lögreglan óskar eftir vitnum að umferðarslysi sem varð á gatnamótum Breiðholtsbrautar og Skógarsels í Reykjavík í gærmorgun. Þar rákust saman ljósgrár Volkswagen Polo og svartur Nissan Navara en ökumönnum ber ekki saman um stöðu umferðarljósa. Annar ökumannanna var fluttur á slysadeild til aðhlynningar. Nokkrar skemmdir urðu á bílunum.**

**Þeir sem urðu vitni að slysinu eru beðnir um að hafa samband við lögregluna í síma 444-1000. - þj**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Stálu tækjum fyrir milljónir

Lögreglan biðlar til almennings um upplýsingar um innbrot í sendibíl aðfaranótt sunnudagsins. Bíllinn stóð við Kambahraun 54 á Selfossi. Stolið var tölvubúnaði, loftnetsmæli og verkfærum. Þeir sem hafa upplýsingar um málið eru beðnir að hafa samband við lögregluna á Selfossi í síma 480 1010.

# Vistfræðingar fagna tillögum um náttúruverndarlög

**Stjórn Vistfræðifélags Íslands fagnar tillögum að breytingum á náttúruverndarlögum. Talið er mjög mikilvægt að endurskoða núverandi lagagrein sem lýtur að innflutningi lífvera í ljósi loftslagsbreytinga.**

**UMHVERFISMÁL** „Stjórn Vistfræðifélags Íslands fagnar meginatriðum tillagna að breytingum á náttúruverndarlögum. Hún telur það vera skref í átt til samræmingar íslenskrar löggjafar við lagasetningar vestrænna ríkja og við alþjóðasamninga og samvinnuverkefna sem Ísland er aðili að.“

Þetta segir Ingibjörg Svala Jónsdóttir, formaður Vistfræðifélags Íslands, innt eftir umsögn félagsins um ofangreindar breytingar, sem send hefur verið umhverfisráðuneytinu.

Ingibjörg segir stjórnina telja sérstaklega mikilvægt að endurskoða núverandi lagagrein náttúruverndarlaganna sem lýtur að innflutningi lífvera í ljósi loftslagsbreytinga.



**SPÁNARSNIGILL** Veldur miklum skaða í nágrannalöndum okkar og er nú kominn hingað til frambúðar.

„Hingað til hefur norðurslóðum verið hlíft að mestu við vandamálum tengdum ágengum lífverum vegna einangrunar og óhagstæðs loftslags. Með bættum samgöngum eykst hættan á að ágengar tegundir berist hingað og að með hlýnandi loftslagi breytist hegðun tegunda þannig að framandi tegundir hér á landi gætu gerst ágengar þótt þær hafi ekki áður sýnt merki um ágengni,“ útskýrir Ingibjörg. „Í því sambandi þarf sérstaklega að huga að tegundum sem eru ágengar í nágrannalöndum okkar eða annars staðar þar sem aðstæðum svipar til aðstæðna hér á landi. Þá er mikilvægt að huga vel að skilgreiningum á bæði framandi lífverum og ágengum lífverum til að tryggja skýra löggjöf.“

Ingibjörg segir að hin hörðu viðbrögð við lagafrumvarpinu frá tilteknum félagasamtökum séu vel skiljanleg því frumvarpið muni óhjákvæmilega takmarka frelsi til innflutnings lífvera.

„Þannig er með flestar lagasetningar sem takmarka frelsi einstaklinganna að þær eru settar með langtímahagsmuni samfélagsins í huga, með það fyrir augum að koma í veg fyrir samfélagslegt tjón, hvort sem það er af efnahagslegum, umhverfislegum eða heilsufarslegum toga.“

Komið hefur fram í umræðunni að ekki ríki sátt um að ágengar lífverur séu vandamál. Ingibjörg segir það ekki breyta því að á sama hátt og almenn sátt ríki um að loftslagsbreytingar af manna völdum sé fyrirbæri sem taka verði á með viðeigandi samningum og lagasetningum ríki almenn sátt í vísindasamfélaginu um að ágengar lífverur séu umhverfis- og samfélagsógn sem verði að mæta á sama hátt. Munurinn sé einungis sá að í síðara tilfellinu sé umræðan rétt að hefjast hér á landi og sé því mun skemmra á veg komin en varðandi loftslagsbreytingar. jss@frettabladid.is


NISSAN QASHQAI

Nissan Qashqai hefur farið sigurför um Evrópu og verið mest seldi bíllinn í sínum flokki undanfarin misseri. Nú er komin glæný og mikið endurnýjuð útgáfa af þessum frábæra sportjeppa, sem líka má fá í 7 manna útfærslu, Qashqai+2. Komdu við hjá okkur í dag, kynntu þér magnaðan fjölskyldubíl og mátaðu hvor útgáfan af Nissan Qashqai hentar þér betur.

Nánari upplýsingar á www.nissan.is

Verð frá: 4.990.000
Eyðsla: 8.2 l/100 km
$CO_2$ losun: 189 g/100 km

ÓBREYTT VERÐ!



NISSAN **JUKE**
Framhjóladrifinn, sjálfskiptur, 1.6 bensín, eyðsla 6,3 l/100km, $CO_2$ losun 145 g/km.
**3.850.000 kr.** / 44.221 kr. pr.mán.*



NISSAN **QASHQAI**
5 manna 4WD, sjálfskiptur, 2.0 bensín, eyðsla 8,2 l/100km, $CO_2$ losun 189 g/km
**4.990.000 kr.** / 57.227 kr. pr. mán.*



NISSAN **QASHQAI+2**
7 manna 4WD, sjálfskiptur, 2.0 bensín, eyðsla 8,2 l/100km, $CO_2$ losun 194 g/km
**5.390.000 kr.** / 61.790 kr. pr. mán.*




*Mán.greiðsla m.v. 30% útb. og bílasamning í 84 .mán.

B&L OG INGVAR HELGASON Sævarhöfða 2, sími 525 8000




**Endurgreiðsluleikur Orkunnar í febrúar**

# Endurgreiðsla

## eða

# 100.000 kr.

Í endurgreiðsluleik Orkunnar fær einn viðskiptavinur á dag í febrúar **áfyllingu sína endurgreidda** og 3 viðskiptavinir fá **100.000 kr. inneignarkort** í lok mánaðar.

**Beint í vasann aftur: Ka-tsjing!**




Handhafar Orkulykils, Orku- og Afsláttar-korts, Orkufrelsis og Staðgreiðslukorts Skeljungs eru sjálfkrafa með!

Dregið verður á föstudögum úr öllum áfyllingum vikunnar og fá 7 viðskiptavinir áfyllingu sína endurgreidda. Endurgreiðslan er í formi inneignarkorts með sömu upphæð og dælt var fyrir.

Allir viðskiptavinir með Orkulykil, Orkukort, Afsláttarkort, Orkufrelsi eða Staðgreiðslukort Skeljungs geta vænst þess að fá áfyllingu sína endurgreidda, hvort sem þeir hafa tekið eldsneyti á bensínstöðvum Orkunnar eða Shell. Óþarfi er að skrá sig sérstaklega til leiks.

Fylgstu með á Orkan.is og á Facebook.

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

ENNEMM / SÍA / NM40047

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fjölmiðlar ættu að forðast að falla í þá freistni að gera ofbeldismenn að stjörnum.

## Glamúrvæðing ofbeldisins

Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur og prófessor í félagsfræði, benti í viðtali í helgarblaði Fréttablaðsins á það sem hann telur varhugaverða þróun í umfjöllun fjölmiðla um ofbeldismál.

Helgi segist telja að ofbeldi sem slíkt hafi ekki aukizt í samfélaginu en umburðarlyndi almennings gagnvart því hafi hins vegar minnkað mjög. Prófessorinn segir þetta réttilega til marks um siðvæðingu og jákvæða þróun í samfélaginu.

Hann segir aftur á móti vísbendingar um ákveðna tvískiptingu; annars vegar fordæmi mikill meirihluti fólks ofbeldi en hins vegar gæti í ákveðnum hópum réttlætingar á ofbeldi við tilteknar aðstæður, sem líkja megi við ofbeldismenningu. „Þetta finnum við helst meðal sumra ungra karla. Lífsstíllinn tengist oft áfengis- og vímuefnaneyslu og þar finnum við einstaklinga sem oft hafa farið halloka í samfélaginu,“ segir Helgi.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Hann bendir – sömuleiðis réttilega – á að undanfarið hafi borið á því að einstaklingar úr þessum heldur aumkunarverðu jaðarhópum hafi orðið umfjöllunarefni fjölmiðla á léttu nótunum og án þess að framferði þeirra sé kynnt í gagnrýnu ljósi. „Ég set ákveðið spurningarmerki við þessa glamúrvæðingu,“ segir Helgi. „Þetta getur verið varasamt því að stundum eru dregnar upp ýktar myndir af viðkomandi sem eiga jafnvel ekki við rök að styðjast. Ákveðinn lífsstíll á mörkum þess ólöglega eða jafnvel ólöglegur er settur fram á jákvæðan og spennandi hátt. Það er hætta á því að slík framsetning verði til þess að viðurkenna og réttlæta slíkan lífsmáta og verði öðrum fyrirmynd.“

Það er full ástæða til þess fyrir fjölmiðla að taka mark á þessum varnaðarorðum prófessorsins. Sú breyting hefur orðið á undanförnum árum að jafnvel dæmdir brotamenn skammast sín ekkert fyrir að tilheyra undirheimunum, reyna stundum sjálfir að koma sér á framfæri við fjölmiðla og halda að þeir séu hálfgerðar stjörnur. Þá getur fjölmiðlafólk fallið í þá freistni að efna til einhvers konar furðufyrirbærasýningar á þeim.

Í löndunum í kringum okkur hafa af og til farið fram umræður um hvort fjölmiðlar eigi að hampa glæpamönnum eins og stjörnum. Umfangsmikil umfjöllun um rapptónlistarmenn sem hafa upphafið ofbeldið í textum sínum hefur þannig verið harðlega gagnrýnd, en fjölmiðlarnir hafa þá stundum svarað því til að listamenn verði að fá að tjá sig, jafnvel þótt skoðanir þeirra séu umdeildar. Í tilfelli íslenzkra undirheimamanna sem hafa ratað í sjónvarpsviðtöl og á síður blaða virðist hið listræna framlag þó af ákaflega skornum skammti og það sama má segja um mælskuna og persónutöfrana.

Réttast er því að taka afstöðu með þeim stóra meirihluta sem hafnar ofbeldinu og sýnir því ekkert umburðarlyndi. Það er engin ástæða til að baða menningarkima ofbeldisdýrkendanna jákvæðu ljósi fjölmiðla.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fagnaðarlæti brutust ekki út á götum úti

Þekkt er að þingmennirnir Unnur Brá Konráðsdóttir Sjálfstæðisflokki, Ásmundur Einar Daðason VG og Gunnar Bragi Sveinsson Framsóknarflokki eru andvíg því að Ísland gangi í Evrópusambandið. Í gær staðfestu þau þá skoðun sína rækilega með því að leggja til að þingið samþykkti að draga umsókn um aðild til baka. Í greinargerð finna þau umsókninni og málinu í heild flest til foráttu. Segja þau meðal annars að þegar tilkynnt sé af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að mælt sé með því að hafnar verði viðræður brjótist yfirleitt út fagnaðarlæti á götum úti en sú hafi ekki verið raunin hér á landi.



### Verður fellt

Að auki segja þau fyrirsjáanlegt að aðildarsamningur verði felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er óneitanlega magnað að þau þrjú geti sagt fyrir um niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu sem horfur eru á að fari fram eftir nokkur misseri. Gagn væri af því að Unnur Brá, Ásmundur Einar og Gunnar Bragi upplýstu þing og þjóð um fyrirsjáanlegar niðurstöður annarra þjóðaratkvæðagreiðslna og kosninga sem efnt verður til í framtíðinni. Ekki væri síður gagnlegt ef þau segðu okkur fyrir fram hverjar niðurstöður atkvæðagreiðslna í þinginu verða. Í því sambandi hefði verið gott ef tillögu þeirra um viðræðuslit hefðu fylgt upplýsingar um niðurstöður atkvæðagreiðslu þingsins um hana. **bjorn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




## Af náttúruvernd: Er varúð öfgafull?

Náttúruverndarlög



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
líf- og umhverfisfræðingur

Einn mikilvægur þáttur náttúruverndar hérlendis snýr að áratugalöngu landgræðslu- og skógræktarstarfi. Þar ber sennilega hæst verndun gamalla birkiskóga og endurheimt fyrri landgæða. Flestir vilja stöðva landrof og græða upp hluta þess lands sem orðið hefur landeyðingu að bráð. Okkur greinir hins vegar á um hvaða aðferðir við eigum að nota til starfans, sérstaklega þegar kemur að vali á tegundum.

Það er vel þekkt að sumar framandi tegundir geta orðið ríkjandi í nýjum heimkynnum og gjörbreytt tegundasamsetningu og starfsemi náttúrulegra vistkerfa, oft á tíðum með neikvæðum formerkjum. Slíkar ágengar tegundir eru taldar ein mesta ógnin við náttúruleg vistkerfi og þá þjónustu sem þau veita manninum. Það er talið að fjárhagslegt tjón vegna þeirra nemi meira en 5% af vergri heimsframleiðslu.

Í ljósi þessa er erfitt að skilja nær ofsafengin og neikvæð viðbrögð talsmanna skógræktar við drögum að náttúruverndaráætlun. Í þeim drögum eru boðaðar strangari reglur um innflutning og dreifingu framandi lífvera og aukið eftirlit og stjórnun með þessum þáttum. Slíkt er í anda varúðarreglu umhverfisréttar. Setja má dæmið upp með eftirfarandi hætti: Ef ég, í góðum tilgangi, tel mig vera að gera íslenskri náttúru gagn með því að nota framandi lífverur, væri þá ekki mun eðlilegra en hitt að ég fagnaði hertum kröfum um notkun þeirra? Hertar kröfur ættu jú að stuðla að því að ég gæti haldið áfram þessu starfi mínu í sem mestri sátt við náttúruna. Með boðuðum breytingum á náttúruverndarlögum, eins og þær snúa að landgræðslu og skógrækt, er einungis dregið úr líkum á því að starfsemi okkar snúist upp í andhverfu sína og skaði náttúru landsins, en ekki boðað blátt bann við öllum skógræktartegundum.

Líffræðingar og vistfræðingar hafa legið undir ámæli um öfgar, svarta náttúruvernd og fasískt hatur gegn framandi lífverum. Dæmi hver fyrir sig, en hér er spurt hvort séu meiri öfgar að vilja fara varlega í innflutning og dreifingu framandi lífvera, eða að þeir þættir séu að mestu óheftir? Drög að nýjum náttúruverndarlögum eru ekki keyrð áfram af annarlegum hvötum öfgafullrar náttúruverndar, heldur byggja þau á reynslu af ágengum framandi lífverum hérlendis og erlendis og eru í takt við skuldbindingar okkar í alþjóðlegum samningum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ekkert vísar á leið

Í DAG
Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Þegar þýskur fjallgöngugarpur varð viðskila við vini sína á Eyjafjallajökli í óvæntum veðrabrigðum í síðustu viku, gróf sig niður í fönn og hafðist þar við í tvær nætur kom upp í hugann ljóð Kristjáns Jónssonar, Heimkoman, sem ég lærði á bernskuárum og hélt mikið upp á. Sagan af ungum manni á heimleið í myrkri og hríðarbyl og unnustu hans og foreldrum sem biðu heima milli vonar og ótta.

Þjóðverjinn, Peter Bollmann, var í hlýjum og skjólgóðum fatnaði á jöklinum og vissi að hans yrði leitað. Sú var ekki raunin á nítjándu öld, þegar Heimkoman var ort. Fjallaskáldið var að yrkja um það sem hann þekkti … „langt er heimkynni að, því að heiðin er löng, dynur hríðin svo bitur og köld. Ekkert vísar á leið, engin varða er nær, allt er voðalegt ferðlúnum svein; myrkri fyrir og hríð eigi faðmbreidd hann sér og hjá frostinu vægð er ei nein. En hann glottir við tönn og um gaddfrosið láð augum gætnum hann lítur með ró, breytir stefnunni lítt, hefur storminn á hlið, veður sterklega helkaldan snjó.“ Allt fór vel, eins og þeir vita sem þekkja kvæðið.

Enn sem fyrr eru jöklar og heiðar hættulegar í hríðarbyl og hörkufrosti, en aðstæður, klæðnaður og eftirlit er allt annað. Kristján fjallaskáld fæddist árið 1842 og lést 1869. Gúmmístígvélin, sem við köllum vaðstígvél, komu fyrst til landsins um aldamótin 1900. Háaldraður maður var eitt sinn spurður hvað stæði upp úr í hans huga af öllum þeim gríðarlegu framförum sem orðið höfðu á Íslandi á hans löngu ævi. Hann þurfti ekki að hugsa sig um: „Stígvélin, ekki spurning!“

## Engin varða er nær

Þessi misserin er orðið lýðræði á hvers manns vörum í opinberri umræðu. Ósjaldan eru samferða orð eins og þjóðarvilji og heiðarleiki. „Hlustum á þjóðina, fólkið í landinu. Þetta er það sem þjóðin vill!“ Stundum er þetta tal innihaldsrýrt lýðskrum þeirra sem segja það sem fólk vill heyra, með orðum sem eiga að endurspegla einlægni og ábyrgð. Um það vitna orð þeirra og athafnir í öðru samhengi.

> Það er með lýðræði eins og annað, að veldur hver á heldur.

Það er með lýðræði eins og annað, að veldur hver á heldur. Það eru ekki nema sextíu og sjö ár frá stofnun lýðveldis á Þingvöllum. Einn mannsaldur. Við höfum lengi tekið það fyrir sjálfsagðan hlut að vera sjálfstætt ríki í samfélagi þjóðanna.

En sagan kennir að þegar fámenn þjóð í landi sem á dýrmætar náttúruauðlindir er í langan tíma ófær um að ná sáttum í samfélaginu getur allt gerst. Það gerist ekki endilega með innrás. Það er hægt að ná undirtökum með öðrum hætti, ekki síst hjá skuldugri þjóð, þar sem menn hafa ekki vit á því að snúa bökum saman.

Segja má að almenningur sé nú á vissan hátt eins og í ungi maðurinn í kvæðinu:

„Ekkert vísar á leið, engin varða er nær.“

## Umpólun

Hvað sem öðru líður er augljóst að við erum á tímamótum og samfélagið í umpólun. Ný tækni og alþjóðavæðing hafa opnað dyr sem að vísu er hyggilegt að ganga varlega um, en framhjá þeim verður ekki litið. Ekki er fyrirséð hvaða áhrif þetta hefur á stjórnmálahreyfingar, viðskiptalíf og fjölmiðlun þegar horft er til lengri tíma. Með reglubundnu millibili er kallað eftir breytingum á alþingi og víðar. Nýju fólki, ungu fólki. Verði sú krafa hávær á næstu árum höfum við ekkert lært af hruninu. Kynslóðirnar eiga að vinna saman. Reynsla og þekking ungra, miðaldra og eldra fólks á að renna saman. Það eitt myndi breyta miklu og gera mann enn ánægðari með að vera Íslendingur.

Séreignarsparnaður

Auður gerir betur

Auður er óháð fjármálafyrirtæki sem hefur skynsemi og áhættumeðvitund að leiðarljósi.

Ekki láta eina mikilvægustu ákvörðunina varðandi þinn framtíðarfjárhag bíða og komdu í séreignarsparnað hjá Auði.

Nafnávöxtun FramtíðarAuðar árið 2010




Ávöxtun i fortíð gefur hvorki tryggingu fyrir né vísbendingu um ávöxtun í framtíð.



Auður - ábyrg arðsemi

AUÐUR CAPITAL

Borgartúni 29 | S. 585 6500 | www.audur.is



ERT ÞÚ MEÐ GÓÐA HUGMYND SEM ÞÚ VILT KOMA Í FRAMKVÆMD Á ÁRI NÝSKÖPUNAR?

FRÆ ÁRSINS 2011

Háskólinn í Reykjavík, í samvinnu við Össur hf., Samtök iðnaðarins, Klak – nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, Landsvirkjun og Eyri Invest ehf., kallar eftir hugmyndum sem gætu orðið FRÆ ÁRSINS 2011.

Fræ ársins er útnefnt árlega, en markmið þess er að styðja við frumstig nýsköpunar með því að gefa frumkvöðlum tækifæri til að breyta hugmynd eða frumgerð í viðskiptaáætlun og sprotafyrirtæki.

Verðlaunafé er kr. 1.000.000.-, að auki fá aðstandendur þeirrar hugmyndar sem hlutskörpust verður, vinnuaðstöðu og niðurfelld skólagjöld í Viðskiptasmiðju Klaksins. Með þessu fá frumkvöðlar ekki aðeins fjárstuðning til að vinna að hugmynd sinni, heldur einnig það umhverfi, þá þjálfun og þann stuðning sem þarf til að fullgera viðskiptaáætlun og koma á fót starfandi sprotafyrirtæki.

Allir einstaklingar með lögheimili á Íslandi geta sent inn eigin hugmyndir og/eða tilnefnt hugmyndir annarra í umboði þeirra. Allar hugmyndir þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

FRESTUR TIL 1. FEBRÚAR

Allir einstaklingar með lögheimili á Íslandi geta sent inn eigin hugmyndir og/eða tilnefnt hugmyndir annarra í umboði þeirra. Allar hugmyndir þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Hugmyndin er ný
- Hugmyndin er framkvæmanleg
- Ekki hefur verið skráð fyrirtæki um hugmyndina

Nánari upplýsingar um samkeppnina og eyðublað til útfyllingar er að finna á vef Háskólans í Reykjavík, www.hr.is/fr2011

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY
ÁR NÝSKÖPUNAR
Landsvirkjun
klak NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
EYRIR INVEST EHF
ÖSSUR

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**45** **LEIKKONAN SHERILYN FENN** er 46 ára.

*„Í heiminum gilda sérstakar reglur. Hollywood hefur eigin reglur en ekki er þar með sagt að maður verði að fylgja þeim. Ég geri það ekki, annars væri ég vansæl.“*

## Merkisatburðir

**1904** Heimastjórn er sett. Ný stjórnskipan kemur til framkvæmda og felur í sér skipan íslensks ráðherra sem ber ábyrgð gagnvart Alþingi.

**1930** Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík tekur gildi.

**1935** Áfengisbann frá 1. janúar 1915 er afnumið.

**1947** Litkvikmynd Óskars Gíslasonar, Reykjavík vorra daga, er frumsýnd.

**1948** Ríkisútvarpið hefur útsendingar á fréttayfirliti á stuttbylgju fyrir Íslendinga erlendis.

**1952** Snjódýpt í Reykjavík mælist 48 sentimetrar, það mesta síðan 1937.

**1973** Alþingi samþykkir lög um stofnun Viðlagasjóðs til að bæta tjón vegna eldgoss í Vestmannaeyjum.

**ÞETTA GERÐIST:** 1. FEBRÚAR 1977

## Síðasta mjólkurbúðin lögð niður



Farið var að stofna sérhæfðar mjólkurbúðir í Reykjavík í kringum 1910 vegna krafna um aukið hreinlæti við meðferð mjólkurafurða. Mjólkursamsalan tók við rekstri allra mjólkurbúða upp úr 1934, í kjölfar afurðasölumálsins svokallaða. Mjólk var þá ekki seld í matvöruverslunum, nema með sérstökum undantekningum. Hinn 1. febrúar 1977 var síðasta mjólkurbúðin lögð niður í Reykjavík og í framhaldi tóku matvöruverslanir að sér alla smásölu mjólkurvara. Nokkrar sérhæfðar mjólkurbúðir voru hins vegar starfsræktar áfram landið í nokkur ár á eftir og reyndu að auka vöruúrvalið. Síðustu mjólkurbúð Mjólkursamsölunnar við Laugaveg var lokað árið 1986 og fjórum árum seinna var mjólkurbúð á horni Háteigsvegar og Rauðarárstígs breytt í bakarí.

Heimild: www.wikipedia.org

AFMÆLI



**BIRGIR ÖRN THORODDSEN** tónlistarmaður er 35 ára.



**VILHJÁLMUR HJÁLMARSSON**, leikari og leikstjóri, er 44 ára.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR** menntamálaráðherra er 35 ára.



**DRÍFA HJARTARDÓTTIR**, fyrrverandi alþingismaður, er 61 árs.




**GÓÐIR SAMAN** Bragi Guðmundsson, Þorgeir Ástvaldsson og Kristófer Helgason standa vaktina í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÚTVARPSÞÁTTURINN REYKJAVÍK SÍÐDEGIS: TÍU ÁR Í LOFTINU

# Fáum aldrei leið hver á öðrum

Í dag eru tíu ár frá því að útvarpsþátturinn Reykjavík síðdegis fór fyrst í loftið á Bylgjunni. Þorgeir Ástvaldsson settist þá við hljóðnemann ásamt Sighvati Jónssyni, en síðustu ár hefur Þorgeir notið liðsinnis Kristófers Helgasonar og Braga Guðmundssonar. Þeir félagar segja gott samstarf og fjölbreytt efnistök grunninn að góðu gengi.

„Ég var að hugleiða það fyrir tíu árum að hætta í fjölmiðlum og róa á önnur mið en þá var þeirri hugmynd gaukað að mér að halda utan um fjölbreyttan umræðuþátt á Bylgjunni. Þar yrði tekið á ólíkum málefnum, allt frá heitum þjóðfélagsmálum til dægurmála, og eldri og yngri kynslóðum, mér og Sighvati, væri att saman. Mér fannst hún svo heillandi að ég sló til og hef verið að síðan,“ minnist Þorgeir og segir þáttinn ekki aðeins hafa komið með ferska vinda heldur brotið blað í upptöku- og tæknivinnslu í íslensku útvarpi.

„Reykjavík síðdegis var fyrsti íslenski upptekni þátturinn „í beinni“, það er hluti efnisins var tekinn upp og klipptur til með aðstoð tölvu á meðan lag var til dæmis í spilun; þegar laginu lauk var efnisbútinn svo leikinn, símtal frá hlustanda eða þvíumlíkt og áheyrendur spurðir hvað þeim þætti um málið. Kjörorðið var: þú hlustar á mig, ég hlusta á þig. Þetta var nýnæmi hérlendis á þeim tíma og með þessari nálgun í tæknimálum opnuðust nýjar gáttir í dagskrárgerð,“ útskýrir Þorgeir.

Ýmsir hafa komið að gerð þáttarins frá því hann hóf göngu sína, allt saman gott fólk sem hefur lagt sitt á vogarskálarnar, að sögn Þorgeirs. „Ég hef verið mjög lánsamur og þeir Bragi og Kristófer eru þægilegir í samstarfi og miklir vinir mínir,“ segir hann og klappar á bakið á þeim síðarnefnda, sem tekur undir þau orð. „Þetta er flottur hópur og ekki hægt að fá skemmtilegri og betri vinnufélaga,“ segir hann. „Mikið jafnræði er með okkur og við fáum aldrei leið hver á öðrum.“

Beðnir um að rifja upp eftirminnileg mál segja Þorgeir og Kristófer af mörgu að taka, en hrunið er báðum ofarlega í huga. „Auðvitað er erfitt að nefna einn atburð; þeir sem hafa komið upp hverju sinni hafa verið teknir fyrir stórir og smáir en þetta var stórt mál,“ segir Kristófer og Þorgeir bætir við að auk þess hafi það sett sitt mark á efnistök í þættinum. „Efnahagsmál vega til dæmis þyngra en áður og neytendamál líka en hlustendur gera aukna kröfu um að við köfum ofan í þau, fjármál heimilanna.“

Talið berst þá aftur að afmælinu, en félagarnir segjast ætla að fagna því í dag með því að rifja upp liðna tíma. „Við ætlum að minnast þess markverðasta sem hefur gerst, senda utan úr bæ og heyra í fólki sem var framarlega í samfélaginu fyrir tíu árum þegar þáttúrinn byrjaði,“ segir Kristófer og Þorgeir útilokar ekki að þeir fái sér jafnvel köku með kaffinu til að gera sér dagamun. „Svo gengur þetta bara sinn vanagang,“ segir hann hógvær og að svo búnu hverfa félagarnir aftur inn í upptökuver þar sem „bein útsending“ er um það bil að hefjast.

roald@frettabladid.is



**Pálína Guðfinnsdóttir**
frá Litla Galtardal
Grenimel 17, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 16. janúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fríða Björnsdóttir, Guðfinna Ragnarsdóttir.**



*Elsku faðir okkar, sonur, bróðir, mágur og frændi*

**Jón Valgeir Gunnarsson**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi miðvikudaginn 26. janúar. Útför fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ 10. febrúar kl. 13.00.

**Kristófer Jónsson**
**Kristinn Karl Jónsson**
**Ella Kolbrún Kristinsdóttir** — **Gunnar Friðbjörnsson**
**Freyja Björk Gunnarsdóttir** — **Björn Gunnar Birgisson**
**Rakel Björk Björnsdóttir**
**Bjarki Þór Björnsson**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórir Sveinbjörnsson**
Lyngási 3,

lést á Landspítalanum laugardaginn 29. janúar. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Sveinbjörn Þórisson** — **María H. Ragnarsdóttir**
**Ásdís Þórisdóttir** — **Páll Theodórsson**
**Ásþór Þórisson** — **Brandi Carlson**
**Gunnar Þórisson** — **Alessa Baumann**
**Sigurður Ernir Þórisson**
**Hjörtur Jóhannsson** — **Þórunn Elva Halldórsdóttir**
**Steinar Már Þórisson** — **Elín María Þorvarðardóttir**
**Þóra Eygló Sigurðardóttir** — **Kristvin Ómar Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, sonur og bróðir,*

**Hafsteinn Sv. Pétursson Berthelsen**

lést í Cavan á Írlandi þann 26. janúar. Útför Hafsteins fór fram þann 28. janúar og hann jarðsettur í Newcastle-kirkjugarðinum í Dublin.

**Leila Laazibi**
**Adam Berthelsen**
**Nancy Berthelsen**
**Karl Halldór Hafsteinsson** — **Ásdís Björg Ólafsdóttir**
**Hafsteinn Viggó Hafsteinsson**
**Erla Sveinbjörnsdóttir** — **Viggó Maronsson**
**og systkini hins látna**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Erlingur Björnsson**
Hraunbæ 95,

lést sunnudaginn 16. janúar. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 3. febrúar kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Samtök sykursjúkra.

**Sigríður Magnea Óskarsdóttir**
**Jóhanna Guðlaug Erlingsdóttir** — **Sigmundur Sigurðsson**
**Óskar Erlingsson** — **Guðbjörg Sigrún Gunnarsdóttir**
**Björn Erlingsson** — **Jóna Björg Jónsdóttir**
**Margrét Erlingsdóttir** — **Þórður Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn**




**Tannverndarvika** stendur yfir. Í ár er lögð áhersla á glerungseyðingu og hvernig stemma megi stigu við henni. Lýðheilsustöð hefur vefið út veggspjaldið Þitt er valið þar sem lýst er innihaldi algengustu drykkja á markaði og áhrifum þeirra á tannheilsu.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Eirberg

## Slakaðu á heima

- Sjálfvirkt og stillanlegt nudd
- Djúpslökun með infrarauðum hita
- Stillanlegt Shiatsu herða- og baknudd

Úrval nuddsæta - verð frá 29.750 kr.

Verið velkomin í verslun okkar og prófið.

Opið virka daga kl. 9 - 18
og á **laugardögum** kl. 11 - 16

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



## Patti Húsgögn

**Íslenskir sófar sniðnir að þínum þörfum**

**Mál og áklæði að eigin vali.**



Písa Hornsófi 2H2
Verð frá
317.900 kr



Púðar í úrvali
Verð frá 2.900 kr

Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

## BÍTIÐ

MEÐ HEIMI OG KOLLU
ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



**Harpa Helgadóttir, sjúkraþjálfari og doktor, þarf oft að leiðrétta vitleysur sem fólki eru kenndar**

# Bakveikir ekki í jóga



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRAMHALD | 2

Einhæf hreyfimynstur eru algeng á Íslandi. Við sitjum við vinnu og sitjum við sjónvarpið. Það getur leitt til álagseinkenna í baki," segir Harpa Helgadóttir, sjúkraþjálfari og doktor í læknavísindum, sem kennir bakleikfimi með sambaívafi undir merkjum Breiðu bakanna. „Meirihluti þeirra sem leita sér aðstoðar vegna bakeymsla er með álagseinkenni. Aðrir eru annaðhvort með bakeymsli eftir slys eða með hryggskekkju eða sjúkdóm," segir Harpa, sem sjálf hefur reynslu af bakveiki. „Ég æfði fimleika en aðeins fjórtán ára gat ég ekki stundað þá lengur vegna bakverkja," segir hún en á fyrstu meðgöngu Hörpu fékk hún grindargliðnun og áverka á grindina. „Þá var ég byrjuð í sjúkraþjálfun og fór að þróa hvað ég gæti gert fyrir mjaðmagrindina og mjóbakið," segir Harpa, sem datt þá niður á sambadansinn. „Þannig fékk ég meiri virkni í djúpa vöðva og minni virkni í yfirborðsvöðva, sem kom á jafnvægi í vöðvakerfinu," segir hún en sambaleikfimina hefur hún kennt í tuttugu ár.



## LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Hjálparsessan lyftir 70% af þinni þyngd

STUÐNINGS STÖNGIN

HVAÐ ER STUÐNINGSSTÖNGIN?
Hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra.

Auðveld í uppsetningu
Engar skrúfur eða boltar
Tjakkast milli lofts og gólfs
Hægt að nota við hallandi loft, timburloft og mikla lofthæð
Margir aukahlutir í boði

- Falleg og nútímaleg hönnun
- Passar allsstaðar og tekur lítið pláss
- Viðurkennd af Tryggingastofnun ríkisins

Er erfitt að standa upp?

10 ÁR Á ÍSLANDI www.vilji.is • Sími 856 3451



**Stærsti vaxtarræktarmaður heims**, Markus Ruhl, kemur í heimsókn í verslun Kosts við Dalveg. Af því tilefni er efnt til kraftakeppni í versluninni á föstudaginn frá 15 til 18. Gestum er boðið að spreyta sig en einnig verður kynning á súlu-fitness og Ari Eldjárn kynnir keppnina.






RÝMINGASALA
40-70%
AFSLÁTTUR
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

Eirberg



Ný sending af sundfatnaði komin
Opið frá kl. 9-18 og á laugardögum kl. 11-16
Stórhöfða 25
Sími 569 3100 • eirberg.is


# Vandamál móður erfast

**Konum sem fá sykursýki á meðgöngu hefur fjölgað um nær helming hér á landi á síðustu sjö árum. Meðal orsaka er offþyngd. Rannsóknir sýna að börnin eiga einnig á hættu að verða of þung síðar.**

„Konur sem fá meðgöngusykursýki eru líklegri en aðrar til að greinast síðar með sykursýki II. Einnig hefur verið sýnt fram á að börnum sem búa við of háan blóðsykur í móðurkviði er hættara við offþyngd og sykursýki II síðar á ævinni.“ Þetta segir Hildur Harðardóttir, yfirlæknir á kvennadeild Landspítalans. Hún er meðal frummælenda á hádegisfyrirlestri í Háskólanum í Reykjavík á morgun, sem ber yfirskriftina Meðgöngusykursýki, vaxandi vandamál og hefst klukkan 12.

Meðgöngusykursýki hefur aukist á Íslandi eins og alls staðar í hinum vestræna heimi að sögn Hildar. Liðlega tvö prósent barnshafandi kvenna þjáðust af henni hér á landi árið 2003 en sú prósenta hefur um það bil tvöfaldast. Orsakirnar eru að stærstum hluta offþyngd og offita en einnig kemur til aukin árvekni heilbrigðisstarfsfólks að skima fyrir sjúkdómnum.

„Meðgöngusykursýkin hagar sér svipað og sykursýki II. Insúlínið nær ekki að verka sem skyldi og af því leiðir of hár blóðsykur. Þegar fóstrið býr við þau skilyrði verður það of stórt því það nýtir sykurinn til uppbyggingar og til að safna forða í lifur,“ útskýrir Hildur, sem segir framköllun fæðinga og keisaraskurði algengari hjá konum með meðgöngusykursýki en öðrum. „Það er ekki bara sykursýkin sem hrjáir þessar of þungu konur. Þær eru einnig líklegri til að hafa of háan blóðþrýsting og þá eru komnar tvær ástæður til að framkalla fæðingu.“

Fundurinn í HR á morgun er á vegum Lífs, Styrktarfélags Kvennadeildar, og er liður í röð hádegisfyrirlestra um málefni sem tengjast heilsu kvenna. Auk Hildar, sem ræðir um orsakir, afleiðingar og meðferð meðgöngusykursýki, mun Ómar Sigurvin Gunnarsson læknakandídat kynna þar niðurstöður nýrrar íslenskrar rannsóknar og bera saman við erlendar niðurstöður og Júlía Linda Ómarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, fjalla um mæðravernd hjá konum með meðgöngusykursýki.

Hægt er að skrá sig á fyrirlesturinn á morgun á opnihaskolinn.is

*gun@frettabladid.is*



„Börnum sem búa við of háan blóðsykur í móðurkviði er hættara en öðrum við offþyngd og sykursýki II síðar á ævinni,“ segir Hildur Harðardóttir yfirlæknir. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


2 klassískir



teg. 4500 - minimizerinn vinsæli fæst í DD,E,F,FF,G skálum á kr. 6.990,-



teg. Deco - létt fylltur og gerir flotta línu, fæst í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 8.850,-

Misty -fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur


Framhald af forsíðu

„Með mjúku samba reyni ég að fá fólk til að slaka á yfirborðsvöðvunum og stjórna stöðu mjaðmagrindarinnar,“ segir Harpa, sem segir allt of algengt að fólki séu kenndar vitlausar æfingar. „Til dæmis að spenna rassinn undir í standandi stöðu. Það hindrar eðlilegar hreyfingar frá mjöðmum,“ segir hún og þarf oft að leiðrétta vitleysur sem eru rótgrónar í hugum fólks. „Til dæmis er oft verið að segja að það sé svo gott fyrir bakveika að fara í jóga og pilates. Það er hins vegar alls ekki gott fyrir fólk sem er með verki fyrir í bakinu. Fólk heldur góðum liðleika og styrk og byggir upp bakið í jóga, en fólk sem er með verki þarf allt öðruvísi þjálfun,“ segir Harpa með áherslu. Henni þykir sjálfri gott að fara í jóga en hins vegar séu jógakennarar ekki með sérfræðiþekkingu í háls og bakvandamálum.

Harpa kláraði sjúkraþjálfun fyrir tuttugu árum. Hún lauk sérfræðinámi í stoðkerfisfræðum fyrir áratug og meistaranámi í þeim árið 2005. Í desember varði hún doktorsverkefni sitt við Háskóla Íslands.

„Ég sá að axlargrindin hefur lítið verið rannsökuð hjá fólki sem er með hálsverki,“ segir Harpa, sem bar saman þrjá hópa: Fólk með álagseinkenni, fólk sem fengið hafði hálshnykk og samanburðarhóp. „Helsta niðurstaðan var sú að fólk með slysasögu er með öðruvísi truflanir axlargrind en þeir sem eru með álagseinkenni. Axlargrind þeirra sem eru með álagseinkenni er lágstæðari og framstæðari og herðablöð þeirra eru niðursnúin,“ segir Harpa. Mest kom henni þó á óvart að sjalvöðvinn sem liggur frá hálsi og niður á öxl, er of langur hjá fólki með hálsverki. Harpa telur því merkilegt að viðtekið sé að láta hálsverkjasjúklinga teygja á þessum vöðva sem sé í raun allt of langur. „Í stað þess að teygja á vöðvunum höfum við lagt meiri áherslu á að nudda hann og fá virkni í djúpa vöðva,“ segir Harpa. Nánari upplýsingar má finna á www.bakleikfimi.is

*solveig@frettabladid.is*



Sambaleikfimi er kennd í Heilsuborg og Sporthúsinu en Harpa kennir einnig bakleikfimi í sundlaugum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


LAGERSALA
Gönguskór



Opnunartími
virka daga 12-18
laugardag 12-16
St. 36-46
Verð áður 14.995
Verð nú 9.995
www.xena.is
XENA
Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík - 517-2040



30 daga hreinsun á mataræði!
með **Davíð Kristinssyni** næringar- og lífsstílsþjálfara.
Innifalið í námskeiði er uppfærð handbók með öllum upplýsingum sem þú þarft og 30 daga framhaldsmatseðli.
**Staður og stund:** Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl. 20:15 - 22:00
Fimmtudaginn 10. febrúar kl. 20:15
Fimmtudaginn 24. febrúar kl. 20:15
*Námskeiðsgjald kr. 5.900 kr. (LÆKKAÐ VERÐ!)*
*Skráning og nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155.*
Davíð tekur einnig að sér einstaklingsráðgjöf, mælingar og aðhald á fimmtudögum.
www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

SETTU ÞAÐ SAMAN
HAGKVÆMAR LAUSNIR
20% AFSLÁTTUR
Af hverju að borga meira?
AKUREYRI · Sími 461 5003 / AKRANES · Sími 431 3333
ELDHÚSINNRÉTTINGAR

BAÐINNRÉTTINGAR

ÞVOTTAHÚSINNRÉTTINGAR

FATASKÁPAR
TIL Á LAGER
ORMSSON
Níu mánaða vaxtalausar raðgreiðslur í boði!
LÁGMÚLA 8 · SÍMAR: 530-2819 & 530-2821



# heimili

ÞRIÐJUDAGUR 1. FEBRÚAR 2011


**Ímyndunarafli gefinn laus taumur**

**Sænska hönnunarfyrirtækið Zweed hannar frumleg og sterk húsgögn.** SÍÐA 2



# Bókafarmar til Frankfurt

**Íslensk heimilisbókasöfn verða til sýnis á Bókamessunni í Frankfurt í október. Þar verður sett upp sýning á ljósmyndum af íslenskum bókaskápum og myndböndum þar sem eigendurnir eru teknir tali.**



Gestum og gangandi á Bókamessunni í Frankfurt gefst tækifæri að skyggnast inn á íslensk heimili. Þar verður sett upp ljósmyndasýning á íslenskum heimilisbókasöfnum. NORDICPHOTOS/GETTY

„Hugmyndin er sú að bjóða beint og óbeint flestum Íslendingum þarna út með okkur, ekki bara rithöfundum og þýðendum, eins og hefð hefur verið fyrir, heldur öllum sem áhuga hafa,“ segir Halldór Guðmundsson hjá Sögueyjunni Íslandi, sem hefur hleypt af stokkunum verkefninu Komdu með til Frankfurt. Markmið þess er að safna sem flestum ljósmyndum af íslenskum heimilisbókasöfnum og sýna á Bókamessunni í Frankfurt þar sem Ísland verður heiðursgestur í ár.

„Eitt af því sem er einkennandi fyrir íslenskt bókmenntalíf er mikil bókaeign; bókasöfn stór og lítil er að finna inni á nánast hverju einasta heimili í landinu. Þegar ljóst varð að við fengjum sérstakan og stærri sýningarskála en áður í Frankfurt, þar sem Ísland verður í öndvegi, ákváðum við að leggja hluta hans undir ljósmyndirnar og bjóða í leiðinni gestum og gangandi að skyggnast inn á íslensk heimili.“

Halldór hvetur alla sem geta að taka þátt í ljósmyndasýningunni en hægt er að senda myndir í tölvupósti, í gegnum Facebook eða á heimasíðuna www.sagenhaftes-island.is, eða í pósti á Sagenhaftes Island í Austurstræti 18. Þegar hafa tugir ljósmynda borist og er hluti þeirra til sýnis á Facebook.

„Þær sýna glögglega fjölbreytnina sem einkennir bókakost þjóðarinnar, þetta er allt frá barnabókum upp í vegleg skrautbókasöfn,“ bendir Halldór á og bætir við að næst sé svo stefnt að því að búa til myndbönd þar sem eigendur þrjátíu valdra bókaskápa verða beðnir að segja frá sinni uppáhaldsbók. „Þessi myndbönd verða svo sýnd á stórum sýningartjöldum þarna úti.“

Halldór lætur þess einnig getið að þrír þátttakendur í Komdu með til Frankfurt verði dregnir út og fái hver þeirra ferð fyrir tvo á sjálfa bókasýninguna. „Þannig að nú er bara um að gera að vera með,“ segir hann hress í bragði og bendir á að allar nánari upplýsingar megi nálgast á fyrrnefndri heimasíðu Sögueyjunnar Íslands.

- rve



● **STENSLAR Á STIGA**
Hægt er að flikka upp á gamla stiga öðruvísi en að leggja teppi eða nýjar fjalir.

Á vefsíðunni www.royaldesignstudio.com er að finna úrval stensla sem hjálpa til við að mála á stigana (og annað ef því er að skipta) dýrindis listaverk í litasamsetningum að eigin vali.

Hér hafa fjórir mismunandi stenslar orðið fyrir valinu og er útkoman óneitanlega skemmtileg.



● **ELDHÚSSÓFI** Emma Nilsson, Johanna Westin og Lisa Frode höfðu notagildi ekki síður en flott útlit að leiðarljósi við hönnun á þessum sófa. Húsagagnið, sem þær kalla Kitchen Sofa eða Eldhússófa, er búið hólfum undir sætum og á baki sem hægt er að geyma í blöð, bækur og fleira. Þannig vilja þær fanga þá hugmynd að eldhúsið sé uppáhaldsstaður heimilisfólks, þar sem allt gerist.




Sensation
– ný upplifun frá Tempur® –
**Sensation heilsudýnan.**
Ný dýna frá Tempur þar sem þú upplifir það besta úr báðum heimum. Einstakir eiginleikar Tempur þrýstijöfnunarefnisins laga sig að lögun líkamans en nýtt undirlag Sensation dýnunnar veitir dýnunni fjaðrandi eiginleika þar sem auðvelt er að bylta sér og snúa.
Þegar þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu.
TEMPUR þrýstijöfnunarefnið er mjúkt þar sem þú vilt og stíft þar sem þú þarft™ og veitir þannig þrýstijöfnun, þægindi og náttúrulegan stuðning.
Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.
Komdu í dag og skoðaðu allt það nýjasta frá Tempur á 25% kynningarafslætti!
Betra BAK
Faxafeni 5, Reykjavik • Sími 588 8477 • www.betrabak.is



Eitt af markmiðum Zweed er að framleiða húsgögn sem þola hnjask.



Hugmyndir viðskiptavinarins leika hlutverk í hönnun Zweed upp að vissu marki. MYND/ZWEED

# Raðað saman að vild



Citti-hirslunni púslað saman.

**Hönnunarfyrirtækið Zweed var sett á fót á síðasta ári af hönnuðinum Håkan Johansson. Tvær vörulínur eru þegar komnar á markaðinn.**

Markmið sænska hönnunarfyrirtækisins Zweed er að framleiða hágæðavörur sem þola hnjask og eldast með eigandanum. Einnig á hugmyndaflug kaupandans að spila hlutverk í hönnun vörunnar, upp að ákveðnu marki. Tvær vörulínur eru þegar komnar á markaðinn, hirslurnar Moodi og Citti.

Moodi er byggt á sígildum skenk frá sjötta áratugnum en með rennihurðum, mismunandi að lit á hvorri hlið. Auðveldlega er því hægt að breyta útliti skenksins. Eins er hægt að kaupa stakar hurðir til að skipta út og hressa enn frekar upp á litasamsetninguna.

Citti-hirslan er samsett úr lausum einingum þar sem viðskiptavinurinn getur raðað saman stærðum, formi, lit og hvort hurðir eiga að vera á einingunum eða ekki.
Nánar má forvitnast um vörur Zweed á www.zweed.se *- rat*



Moodi-skenkurinn er byggður á sígildum skenk frá sjötta áratugnum en með lituðum rennihurðum sem hægt er að snúa við.








**● FATAKISTILL Í TÖSKULÍKI** Ungur hönnuður, Anna Lorenz, sýndi skemmtilegt húsgagn á húsgagnasýningunni IMM í Köln á dögunum. Um er að ræða kistu eða kistil undir föt, sængurver eða hvað sem er í líki stórrar handtösku.

Kostir þessarar geymslu eru vissulega þeir að umfang hennar minnkar eftir því sem minna er í henni. Húsgagnið heitir Home Traveller og er úr leðri. Home Traveller var útskriftarverkefni Önnu úr hönnunarskóla í Þýskalandi.





**Í stofunni þarf lýsingin að vera fjölbreytt og auðvelt að stýra henni. Standlampar í bland við hangandi ljósakrónur gefa marga möguleika.** MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

# Lýsingin á heimilinu

**FORSTOFA:** Forstofan er það fyrsta af heimilinu sem gestir sjá. Því þarf lýsingin að vera hlýleg og mjúk. Hangandi ljósakrónur, veggljós og lampar eiga vel við og geta í samspili við spegla skapað bjart og fallegt rými.

**STOFAN:** Í stofunni eyðum við miklum tíma á mismunandi tímum dags. Auðvelt þarf því að vera að breyta lýsingunni. Best er að blanda hangandi ljósum við standlampa sem væru þá staðsettir með tilliti til uppröðunar húsgagna. Eins þarf að hafa í huga ef sjónvarp er í stofunni að lýsing trufli ekki myndina á skjánum. Gott er að hafa ljósdeyfi á lýsingu í stofunni.

**ELDHÚSIÐ:** Góð lýsing þarf að vera yfir vinnustöðvum í eldhúsi. Lýsing undir efri skápum sem vísar beint niður á vinnuborðið er hentug og eins eru kastarar í lofti sniðugir til að beina ljósi á mismunandi stöðvar í eldhúsinu. Ef einnig er borðað í eldhúsinu þarf lýsingin yfir eldhúsborðinu að vera hlýlegri en vinnulýsingin. Þá er sniðugt að hafa ljósdeyfi til að skapa notalegri stemningu þegar sest er til borðs.

**BAÐHERBERGIÐ:** Gott er að hafa ljós beggja megin við spegilinn þegar við erum að snyrta okkur. Gott er einnig að hafa ljósdeyfi á loftlýsingunni þegar fara á í slakandi bað, eða slökkva alveg og kveikja á kertum.

**SVEFNHERBERGIÐ:** Í svefnherberginu þarf að vera mjúk birta en þar þurfum við að geta slakað á eftir langan dag. Borðlampar eða veggljós henta vel til að lesa nokkrar síður fyrir svefninn. Þó þarf einnig bjarta loftlýsingu í svefnherbergi þegar dagsbirtunnar nýtur ekki við til að finna til föt út úr skápum.

**HEIMASKRIFSTOFAN:** Góður lampi á skrifborði sem lýsir upp vinnusvæðið er mikilvægasta lýsingin á heimaskrifstofunni. Eins þarf að vera gott loftljós þegar mörg verkefni liggja fyrir.

sjá: www.primelocation.com/guides

● **HÚSRÁÐ** Til að ná sem bestum árangri í hreingerningu á baðherberginu er gott að hafa nokkur atriði á hreinu. Setjið edik út í vatn sem nota á til að þrífa baðflísar. Þá er heillaráð að bera á þær bílabón svo þær glansi lengur, stundum í allt að ár. Skítugar rimlagardínur er hægt að hreinsa með því að leggja í bleyti, til dæmis í bala fullan af vatni, og setja út í kubb af uppþvottahreinsiefni. Þótt ótrúlegt megi virðast getur líka komið sér vel að hreinsa burt kísil úr sturtuhaus með því að láta hann liggja næturlangt í kóki.



● **EINFALT OG ÞÆGILEGT** Hönnunarfyrirtækið Doshi Levien hefur sent frá sér þessa einföldu og skemmtilegu útgáfu af rugguhesti sem það kallar Rocker. Fyrirtækið hefur eftirfarandi að segja um hugmyndina að baki honum: „Börn sýna oft hversdagslegum hlutum mikinn áhuga, hlutum sem ekki eru ætlaðir til leikja, og hafa fjörugt ímyndunarafl sem þau yfirfæra á þá. Það var hvatinn að hönnun þessa ruggustóls, sem er látlaus og gæti allt eins hafa fundist á förnum vegi."



Heimsendingarþjónusta ÍSAGA
er á höfuðborgarsvæðinu í síma 800 5555




AGA Gasol®
Heimsendingarþjónusta alla daga 15-21




BYKO
ATLANTSOLIA
* Kópavogsbraut 115, Kópavogi
A Member of The Linde Group | AGA

ÍSAGA ehf. | Breiðhöfða 11 | 110 Reykjavík | Sími: 577 3000 | Fax: 577 3001 | www.aga.is

Umboðsmenn ÍSAGA ehf: *SELFOSS:* Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548 · *SAUÐÁRKRÓKUR:* Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626 · *REYÐARFJÖRÐUR:* Landflutningar–Samskip, s. 458 8840 · *ÍSAFJÖRÐUR:* Þröstur Marsellíusson hf, s. 456 3349 · *AKUREYRI:* Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

KRÓKUR BÍLAUPPBOÐ
www.bilauppbod.is

### Þarftu að kaupa eða selja bíl?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**




Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá, Komdu á staðinn, sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Mitsubitsi Lancer 4x4 1,6, árg. ,98. Ek.160 þús. Uppl. í s. 616 2597.



Opel Vectra árg. ,99, ek. 147 þús. Vél 1,6, sjsk. S. 616 2597.



Til sölu vw póló árg 99 1,4 beinsk ek. 136 þús. grá sans, spoilerkitt, topplúga lítið stýri verð 340 þús. gsm 868 2352.



Toyota Avensis 2,0.Árg.'01,ssk. ek. 214 þús. Ný kerti og allt í bremsum. Ný skipt um olíu og síu í ssk. Sk'12. Uppl. í s. 843 0747.

## 0-250 þús.



### !!!! Tilboðsverð 240þús !!!!

Opel Vectra station 1.6 árg. ,98, ekinn aðeins 148þús, beinskiptur, skoðaður, rúmgóður bíll sem eyðir litlu, eyðsla ca 8L/100, Tilboðsverð aðeins 240þús, uppl. í síma 659 9696.



### Eyðir litlu! Tilboð 25

NISSAN ALMERA 1400 árg'97 ek.158 þús,ný skoðaður 2012,beinskiptur,5 dyra,heilsárdekk,sparneytinn og góður bíll! ásett verð 340 þús TILBOÐ 250 ÞÚS! 841 8955



M.BENZ C180 KOMPRESSOR Avantgarde SPORT-Edition. Árgerð 2006, ekinn 84 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 3.300þ Rnr.152742 Flottur bíll!



FORD MONDEO GHIA WAGON. Árgerð 1998, ekinn 170 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 390þ. Rnr.152346 í Toppstandi.

## 250-499 þús.



### !! Sparigrís !!!

VW Polo árg. ,00, ekinn 146þús, beinskiptur, 3 dyra, nýsk. 2012, góður bíll í snattið sem eyðir rosalega litlu ! Tilboðsverð aðeins 380þús. Uppl. s: 659 9696.

## Bílar óskast

### Kaupi bilaða bíla

Kaupi bíla sem þarnast viðgerðar á ca. 30 - 150 þús. S. 896 6744.

Japanskur fólksbíll óskast, t.d. Toyota, Nissan, Honda eða MMC. Árg. 1998-2003. Vil helst bíl í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Get borgað 100-350 þúsund. Uppl. 772-5450.

### Bíll óskast á 25-250þús.

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

### ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!

Óska eftir bíl á 0-150 þús. stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

### !!! 0-250þús staðgreitt !!!

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

## Mótorhjól

Gamalt mótorhjól óskast á góðu verði. Má þarfnast lagfæringar. S.

## Bátar

### Volvo D4-260 DPH endur

Get útvegað endurbyggðar vélar er með núna Volvo D4-260 með drifi og öllum pakkanum á ca 2,7 án flutnings. Upplýsingar oskar@somiboats.is eða Óskar sími 0046 722 453535 www.somiboats.is

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Bílaþjónusta




MOTHERS Bón & Bílhreinsivörurnar fást hjá WWW.MOTHERS.is og hjá Höfðabílum Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina S.8982832 eða mothers@mothers.is



BRAVISOL INNILYFTURNAR - PASSA INN UM 90CM HURÐARGÖT OG FARA Í 4,9m VINNUHÆÐ. DAGLEIGA AÐEINS KR. 4000.+vsk DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




### Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Til sölu varahlutir í Hyundai Sonata 97, Subaru Impreza 99 og Skoda felicia 99. kaupi bíla til niðurrifs. Partasala smiðjuvegi 11 sími 661 5270.

### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

Erum að byrja að rífa VW Caddy 05, octavia 4x4, bensín og disel ,05 og ,07. Patrol ,96, Honda CRV 00, Terios 99, marga Benz bíla, Pajero, disel 99. Golf ,05, Ford Focus ,00, Renault traffic ,05 og Almera ,98. Partahúsið opið 8:30-18 virka daga og 10-14 laugardaga. S. 555 6666.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

### VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

### Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

### TRJÁKLIPPINGAR

Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s 848 9600

### Trjáfellingar

Snyrti tré og runna. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

### TRJÁKLIPPINGAR

Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

Trjáfellingar og runnaklippingar. Gróður og garðar ehf. Jónas garðyrkjufræðingur

sími 697 8588.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Þarftu að koma bókhaldinu og opinberum skilum í lag. Við vinnum með þér. Hafðu samband í síma 5177833 Ráðþing

Bókhald fyrir þig. Ársreikningur - Skattframtal - VSK Tómas Bókari ehf 659 5031

## Fjármál

**Evrur til sölu**
**3% yfir seðlagengi**
**uppl. í síma. 857 6711.**

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald



### Tökum að okkur parketslípun

um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun,sólpallasmíði og sólpallaslípun. Einnig gegnheil eik til sölu. Sjáið myndir á www.parketsliparinn.is Uppl í s. 772 8100

HAMRABORG ehf
Þakpappaþjónusta
Almennar húsaviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

**SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir**

**Getum bætt við okkur í flísalögn, pípulögn, múrverki, málingu, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum.**
**Uppl. í síma 899 2420.**




Tek að mér alhliða múrverk, húsaviðgerðir og flísalagnir. Karl J Hirst. Múrarameistari og byggingarfræðingur. S. 897 6655.

### Glerjun og gluggaviðgerðir

Lása og hurðaviðgerðir ásamt öðrum smíðaverkefnum. Glugga og hurðaþjónustan, S. 895 5511 smidi.is

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 8216839.

## Nudd

NUDD. NUDD. NUDD. Whole Body Massage in DownTown. S. 692 2126.

New whole body massage. S. 864 8449, Isabella.

Great whole body message S: 696 4399.

### NUDD 2 fyrir 1 TILBOÐ S. 823 8280

Líkamsskrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, fótaðagerðir, slökun, veitingar, heilsu, vítamín og næringarráðgjöf. Uppl. - pantanir s. 823 8280. Gjafabréf. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Whole body massage. S. 849 5247.

THE BEST TANTRIC LUXARY MESSAGE ON DOWN TOWN ANYTIME 24/7. S. 869 8602.

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

## Spádómar




## Trésmíði




Trésmiður getur bætt við sig verkefnum í nýsmíði, viðhaldi og endurbótun. Tilboð eða tímavinna. sbd.is S. 895 9801 oskar@sbd.is Áratugareynsla.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn




Húsgögn fyrir heimilið og skrifstofuna. Gæði og gott verð. Hirzlan Smiðsbúð 6 Sími 564-5040

## Dýrahald

Til sölu fallegir og blíðir Chihuahua hvolpar með ættbók. Uppl. í s. 777 9303.

# Þarf að þræða biðstofur

**Það er ekki einfalt að gera verðsamanburð á milli tannlækna. Verðlagningin er frjáls og þeir mega ekki auglýsa. Skársta leiðin er að þræða biðstofur þar sem gjaldskrár tannlækna eiga að liggja frammi.**

Hver tannlæknir ákveður sjálfur verðið á sinni stofu og samkvæmt könnun Neytendasamtakanna frá árinu 2007 er það æði breytilegt, en þá var allt að þrefaldur verðmunur á einstökum aðgerðarliðum. Sjúkratryggingar Íslands gefa út eigin gjaldskrá sem stofnunin miðar endurgreiðslur við en ef gjaldskrá tannlæknis er hærri en gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands greiðir sjúklingur mismuninn.

Samkvæmt reglum Samkeppnisstofnunar á gjaldskrá tannlækna að vera sýnileg til að auðvelda fólki samanburð. Í byrjun árs leiddi könnun Neytendastofu í ljós að nokkur misbrestur var þar á og vantaði sýnilega verðskrá hjá 33 tannlæknum á höfuðborgarsvæðinu. Nokkrum vikum síðar höfðu þeir allir sett upp gjaldskrá. Hins vegar er erfitt að segja nákvæmlega til um hvað meðferð muni kosta áður en sjúklingur sest í stólinn enda ekki ljóst fyrir fram hvað þarf að gera.



Samkvæmt reglum Samkeppnisstofnunar á gjaldskrá tannlækna að vera sýnileg á biðstofu til að auðvelda fólki samanburð. NORDICPHOTOS/GETTY

Samkvæmt læknalögum mega tannlæknar ekki auglýsa þjónustu sína og því er lítið annað fyrir fólk að gera en að þræða biðstofur ætli það að gera verðsamanburð, enda engar nýjar viðmiðunartölur til. Alþýðusamband Íslands sinnir verðlagseftirliti fyrir ríkið en þar hafa ekki verið gerðar verðkannanir á tannlæknaþjónustu. Neytendasamtökin hafa hins vegar gert stöku kannanir og á vef þeirra www.ns.is er að finna verðkönnun á tannlæknaþjónustu barna frá 2009 og fyrrnefnda könnun frá árinu 2007 þar sem hægt er að bera saman ákveðna aðgerðarliði hjá einstökum tannlæknum.

Fréttablaðið gerði óformlega könnun og hringdi handahófskennt í nokkrar tannlæknastofur. Verðið var í öllum tilfellum umtalsvert hærra en í gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands og er nokkur munur á milli stofa. Í flestum tilfellum var tekið fram að verðmunurinn skýrðist af tækjakosti, sérfræðiþekkingu, mismunandi þjónustu og verklagi hvers og eins.

Sigurður Benediktsson, formaður Tannlæknafélags Íslands, bendir á að tannlæknar hafi að meðaltali ekki hækkað gjaldskrár sínar umfram vísitölu síðan 1999 en á sama tíma hafi önnur heilbrigðisþjónusta og sérfræðiþjónusta hækkað mun meira. Hann segir tannlæknaþjónustu engu að síður dýra og telur þörf á því að hækka gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands svo aldraðir, öryrkjar, börn og aðrir sem eigi rétt á endurgreiðslu fái meira í sinn hlut. “

*vera@frettabladid.is*

## Óformleg verðkönnun

TANNLÆKNAR VALDIR AF HANDAHÓFI.

**Gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands**
*Skoðun nýs sjúklings: 2.660 kr. Röntgenmynd: 2.040 kr. Deyfing á tannsvæði einnar til þriggja tanna: 620 kr. Flúormeðferð barna, báðir gómar: 2.810 kr. Ein skorufylling í fullorðinsjaxl: 2.330 kr.*

**Tannlæknar Hlíðarsmára**
Skoðun nýs sjúklings: 3.800 kr.
Röntgenmynd: 2.460 kr.
Deyfing á tannsvæði einnar til þriggja tanna: 2.600 kr.
Flúormeðferð barna, báðir gómar: 6.460 kr.
Ein skorufylling í fullorðinsjaxl: 4.030 kr.

**Tannlæknastofa Gunnars Rósarssonar**
Skoðun nýs sjúklings: 4.700 kr.
Röntgenmynd: 2.200 kr.
Deyfing á tannsvæði einnar til þriggja tanna: 2.500 kr.
Flúormeðferð barna, báðir gómar: 6.200 kr.
Ein skorufylling í fullorðinsjaxl: 5.100 kr.

**Tannlæknastofa Þorsteins Páls Hængssonar**
Skoðun nýs sjúklings: 4.110 kr.
Röntgenmynd: 2.370 kr.
Deyfing á tannsvæði einnar til þriggja tanna: 2.120 kr.
Flúormeðferð barna, báðir gómar: 6.350 kr.
Ein skorufylling í fullorðinsjaxl: 5.320 kr.

**Tannlæknastofa Gunnars Guðna Leifssonar**
Skoðun nýs sjúklings: 4.150 kr.
Röntgenmynd: 2.590 kr.
Deyfing á tannsvæði einnar til þriggja tanna: 1.960 kr.
Flúormeðferð barna, báðir gómar: 4.690 kr.
Ein skorufylling í fullorðinsjaxl: 5.270 kr.

**Brostu tannlæknastofa**
Skoðun nýs sjúklings: 3.846 kr.
Röntgenmynd: 2.195 kr.
Deyfing á tannsvæði einnar til þriggja tanna: 2.083 kr
Flúormeðferð barna, báðir gómar: 5.050 kr.
Ein skorufylling í fullorðinsjaxl: 4.475 kr.

**Tannlæknar Akranesi**
Skoðun nýs sjúklings: 3.350 kr.
Röntgenmynd: 1.900
Deyfing á tannsvæði einnar til þriggja tanna: 1.700 kr.
Flúormeðferð barna, báðir gómar: 4.400 kr.
Ein skorufylling í fullorðinsjaxl: 4.400 kr.



Hár vex að meðaltali um einn cm á mánuði. Hvert hár vex í allt að fimm til sex ár en hættir síðan að vaxa og fellur að lokum af. Hár er í mismunandi vaxtarskeiðum þannig að um það bil 85% af hári eru í vexti en 15% í dvala. Á höfðinu eru að meðaltali um 100-160 þúsund hár og um 100 hár falla af höfðinu á dag.

www.visindavefur.is

Dansaðu þig í fantaform!
ZUMBA á Nordica Spa
Ný námskeið hefjast 8. feb.
» Mikil fitubrennsla – eykur þol og styrk
» Latin-tónlist (salsa, cumbia, merengue, raggaeton o.fl.)
» Auðveld spor fyrir allan aldur
4 vikna námskeið
2 lokaðir byrjendatímar + aðgangur að 5 opnum Zumba-tímum
Þri. og fim kl. 18.30 og kl. 19.30
Kennari: Anna Claessen og Marta Gígja, alþjóðlegir Zumbakennarar
Handklæði og herðanudd í pottunum!
Skráðu þig strax í síma 444 5090
NORDICASPA
www.nordicaspa.is



Hveitikím
23 nauðsynleg vítamín og steinefni
28% prótein




Yggdrasill
Fæst í öllum helstu matvöruverslunum.




ekoland
Nýjar umbúðir
Gamla góða lífræna hrökkbrauðið frá „De Rit“er núna framleitt undir nafninu **Ekoland** og hefur fengið nýjar og glæsilegar umbúðir.
• Ekkert hveiti
• Enginn sykur
• Ekkert ger
Lífrænt



HYUNDAI

# NÝR SANTA FE

## DÍSIL, 197 HESTÖFL



ENNEMM / SÍA / NM44855

Komdu og reynslu-aktu nýjum Santa Fe í dag!

## Santa Fe

Fjölmargar nýjungar er að finna í nýjum Hyundai Santa Fe en þær merkustu leynast undir vélarhlífinni. Þar situr splunkuný, 197 hestafla dísilvél, sem eyðir ekki nema tæpum sjö lítrum á hverja hundrað km! Útlit bílsins hefur allt verið uppfært, en sem fyrr er Santa Fe rúmgóður og öruggur fjölskyldubíll sem þekktur er fyrir áreiðanleika og gæði. Líttu til okkar og kynntu þér glæsilegan jeppa á góðu verði.

Verð **6.490.000 kr.***

**Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is**



*ix35*

ix35 er nýr sportjeppi sem er að slá öll sölumet í Evrópu.

**Verð 5.190.000 kr.**

* Þar sem nýr Santa Fe fellur í lægri tollaflokk (mengar minna) en eldri gerðir er hann nú á betra verði en áður.

**B&L og Ingvar Helgason**
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

B&L

IH INGVAR HELGASON

# Útskrifað úr orkuskólanum REYST

Annar nemendahópurinn frá alþjóðlega orkuskólanum REYST, sem rekinn er af Orkuveitu Reykjavíkur, Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík, hefur verið útskrifaður.

Sex nemendur frá fimm löndum, Eþíópíu, Íslandi, Kólumbíu, Taívan og Finnlandi, luku meistaraprófi á sviði sjálfbærrar orku, ýmist á vettvangi verkfræði, jarðfræði eða viðskipta.

Á meðal rannsókna sem nemendur unnu að er könnun á hagfræðilegum og umhverfislegum kostum þess að nýta jarðhitann hér á landi til að framleiða liþíumrafhlöður og megindleg greining á fýsileika rafbílavæðingar.

Þeir sem útskrifast hófu nám síðsumars árið 2009 og fimm nemendur úr þessum árgangi REYST-nema munu ljúka námi í vor, tveir Íslendingar, tveir frá Bandaríkjunum og einn frá Indlandi.



**ÚTSKRIFT REYST** Nemendur voru frá fimm löndum: Eþíópíu, Íslandi, Taívan, Kólumbíu og Finnlandi.



**ÁRNI BJÖRNSSON** Hann mun fá afhenta viðurkenningu í lok hádegisfyrirlestrar síns á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Árni heiðraður

Árni Björnsson þjóðháttafræðingur hefur verið gerður að heiðursfélaga Félags þjóðfræðinga. Hann mun fá afhenta viðurkenningu frá félaginu á morgun í lok fyrirlesturs síns um þorra í sal Þjóðminjasafns Íslands.

Árni er víðfrægur fyrir rannsóknir sínar á íslenskum þjóðháttum, hátíðum og siðum og hefur meðal annars gert þorranum hátt undir höfði með því að skrifa um hann sérstaka bók. Þar bendir hann á að þótt þorrablót hafi ekki verið haldin hér á landi fyrir opnum tjöldum nema í rúma öld kunni þorri að hafa verið blótaður á laun allt frá kristnitöku.

Fyrirlestur Árna hefst klukkan 12.10 á morgun.

- gun

# Vísindi og nýsköpun á RÚV

Nýsköpun – íslensk vísindi heita nýir sjónvarpsþættir sem hefja göngu sína í Sjónvarpinu mánudaginn 7. febrúar. Lífsmynd kvikmyndagerð stendur að baki þáttunum og er þetta í fjórða sinn sem Sjónvarpið ræðst í gerð slíkra sjónvarpsþátta með fyrirtækinu. Þættirnir verða tólf talsins og er fjallað um 32 ólík verkefni, fræðasvið eða nýjungar.

Meðal efnis í þessari þáttaröð er kynning á elstu lífverum Íslands sem lifað hafa ein tuttugu jökulskeið á ísöldinni og hvergi finnast nema hér, verkefni meðal íslenskra bænda við vistvæna orkuöflun sem gagnast öllum landsmönnum, umfjöllun um alvarlega loftmengun í þéttbýli þar sem kemur fram að Reykjavík sé stundum mengaðri en London, og umfjöllun um áhrif virkjana og stóriðju á mannlífið. Umsjónarmaður þáttanna og kynnir er Ari Trausti Guðmundsson, rithöfundur og jarðvísindamaður.



**ÞÆTTIRNIR VERÐA TÓLF TALSINS** Hér er Ari Trausti í tökum með Sveini Runólfssyni landgræðslustjóra og Jóni Kjartanssyni hljóðmanni.

# Grensás fær gjöf

Kiwanisklúbburinn Eldborg í Hafnarfirði afhenti sjúkraþjálfun á Grensási að gjöf sex raförvunartæki um miðjan janúar. Eitt tækjanna er til að örva vöðvavirkni í ýmsum lömuðum vöðvum, svo sem öxl og hendi, og fimm eru sérhönnuð raförvunartæki fyrir ökkla til að bæta göngufærni.

Tækin koma að mjög góðum notum en þau henta sérstaklega vel fyrir þá sem hafa fengið heilablóðfall eða orðið fyrir öðrum skaða í miðtaugakerfi.



**GÓÐ GJÖF** Kiwanisklúbburinn Eldborg gaf sex raförvunartæki.

---



†

*Látin er móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma*

**Matthildur Pálsdóttir**

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

| | |
|---|---|
| **Gunnar Kjartansson** | **Kristín Stefánsdóttir** |
| **Hildur Gunnarsdóttir** | **Páll S. Pálsson** |
| **Stefán Gunnarsson** | |
| **Kjartan Gunnarsson Ravn** | **Camilla Ravn** |

**Kristín Hrönn, Gunnar Páll, Stig og Sune.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Eyþórsdóttir**

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 3. febrúar kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Ástríður Gunnarsdóttir** | **Trausti Gunnarsson** |
| **Sesselja Gunnarsdóttir** | **Eggert Kristinsson** |
| **Ingibjörg Jóna Gunnarsdóttir** | |
| **barnabörn og barnabarnabörn** | |

---

†



*Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns,*

**Dr. Jóns Braga Bjarnasonar**

prófessors,
Skildinganesi 29.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Ágústa Guðmundsdóttir.**

---



†

*Yndislega dóttir mín, systir okkar mágkona og móðursystir*

**Ingibjörg Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir**

frá Vesturkoti, til heimilis að Langagerði 122,

lést á Landspítalanum í Fossvogi, 24. janúar s.l. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, miðvikudaginn 2. febrúar n.k. kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ás, Styrktarfélag.

| | |
|---|---|
| **Guðrún Sigurðardóttir** | |
| **Sigrún Gyða Sveinbjörnsdóttir** | **Ólafur Th. Ólafsson** |
| **Ólína Kristín Sveinbjörnsdóttir** | |
| **Magnús Sveinbjörnsson** | **Ingveldur G. Guðbjörnsdóttir** |
| **Kolbrún Sveinbjörnsdóttir** | |
| **Svanhildur Sveinbjörnsdóttir** | **Ingólfur Friðgeirsson** |
| **Sigurður Magni Sveinbjörnsson** | |
| **Hörður Sveinbjörnsson** | |
| **Þröstur Kamban Sveinbjörnsson** | **Gerður Sjöfn Ólafsdóttir** |
| **Margrét Kristín Guðnadóttir** | |
| **Sandra Lind Jónsdóttir** | |
| **og frændsystkini** | |

---

**50% afsláttur**
**af legsteinum**
**úr íslensku blágrýti**
Sendum myndalista



MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Rvk.
sími 587 1960 - www.mosaik.is

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svana Vernharðsdóttir Linnet**

Árskógum 6,

lést þann 29. janúar á Landspítalanum.

| | |
|---|---|
| **Henrik Linnet** | |
| **Vernharður Linnet** | **Anna Bryndís Kristinsdóttir** |
| **Kristján Linnet** | **Jónína Guðnadóttir** |
| **Jóhanna Linnet** | **Gunnar Þór Benjamínsson** |
| **Svanhildur Jóna Linnet** | **Theodore Vougiouklakis** |
| **barnabörn og barnabarnabörn.** | |

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Ingibjörg Magnúsdóttir**

fyrrum bókavörður í Neskaupstað, síðast til heimilis að Skjóli, Reykjavík,

andaðist miðvikudaginn 26. janúar 2011. Útförin fer fram frá Háteigskirkju, miðvikudaginn 2. febrúar 2011 og hefst kl. 15.

| | |
|---|---|
| **Ólafur Gunnarsson** | **Helga Friðriksdóttir** |
| **Magnús Gunnarsson** | **Morag Gunnarsson** |
| **Gunnar Ingi Gunnarsson** | **Vigdís Hallgrímsdóttir** |
| **barnabörn og barnabarnabörn** | |

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Hrefna Stefánsdóttir**

Vesturgötu 22, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 27. janúar 2011. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 9. febrúar kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Ólafur G. Matthíasson** | **Bergljót Hreinsdóttir** |
| **Dagbjört Oddný Matthíasdóttir** | |
| **Hlíf Matthíasdóttir** | **Skúli Sigurðsson** |
| **Lilja Helga Steinberg** | **Gunnlaugur A. Björnsson** |
| **barnabörn og barnabarnabarn.** | |




# Ferskleiki úr hafinu!

























Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

gildir meðan birgðir endast
birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** frá, **8.** hlaup, **9.** eldsneyti, **11.** á fæti, **12.** barn, **14.** bragsmiður, **16.** sjó, **17.** tala, **18.** árkvíslir, **20.** tveir eins, **21.** kaup.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gljáhúð, **3.** einnig, **4.** nennuleysi, **5.** hamfletta, **7.** skuggi, **10.** nár, **13.** blessun, **15.** ryk, **16.** andi, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** af, **8.** gel, **9.** kol, **11.** tá, **12.** kríli, **14.** skáld, **16.** sæ, **17.** níu, **18.** ála, **20.** ff, **21.** laun.

**LÓÐRÉTT: 1.** lakk, **3.** og, **4.** letilíf, **5.** fífa, **7.** forsæla, **10.** lík, **13.** lán, **15.** duft, **16.** sál, **19.** au.






# Í háskólanum

**BAKÞANKAR Bergsteins Sigurðssonar**



Eftir um það bil sjö ára hlé er ég byrjaður aftur í háskóla. Sem er indælt. Það er gaman í tímum og kaffið á Háskólatorgi ódýrt. Einn ókosturinn við vorönnina er hins vegar hin óumflýjanlegu leiðindi háskólapólitíkurinnar Ég er strax byrjaður að kvíða símtölunum frá einhverjum 21 árs guðfræðinema sem heldur að hann geti hreyft við tómlæti mínu með ræðu um mikilvægi þess að fjölga fjöltengjum í fjölmennustu stofunum eða koma í veg fyrir fleiri stöðumæla.

**ÓÞOL** mitt gagnvart stúdentapólitíkinni helgast sjálfsagt af því að sínum tíma var ég viðriðinn hana; skipaði 13. sæti Röskvu vorið 2001 ef ég man rétt. Ég veit í sjálfu sér ekki hvers vegna nokkrum fannst akkur í að hafa einhvern eins og mig á lista. Ég hafði nákvæmlega áhuga á hagsmunamálum stúdenta. Engu að síður tóku að birtast eftir mig í einhverjum Röskvubæklingum lærðar greinar um skort á fjölskyldustefnu innan Háskólans. Þetta voru svo sem ekkert vitlausar greinar, þannig séð; eini gallinn var sá að ég kannaðist ekkert við að hafa skrifað þær.

**ÁHUGALEYSI** mitt á stúdentapólitík kom sér öllu verr þegar ég var beðinn um að mæta upp í eitthvert símaver í úthringingar, sem gekk í stuttu máli út á það að ónáða fólk heima hjá sér um kvöld og helgar og spyrja hvort einhverjar spurningar brynnu á þeim varðandi stefnu Röskvu í fjölskyldumálum. Sem það gerði langsjaldnast. Í þau örfáu skipti sem einhver vildi sannarlega vita eitthvað um stefnu Röskvu stóð ég fullkomlega á gati. „Til hvers í andskotanum ertu þá að hringja í mig?“ spurði einn sem ég hringdi í. Ég gat ekki annað en tekið undir með honum en hvatti hann samt til að „kjósa rétt“.

**ÞETTA** voru sannarlega ekki eintóm leiðindi. Röskva hafði betur þetta árið og kosningavakan var þar af leiðandi þónokkuð skemmtileg. Eftir það var skyldum mínum nokkurn veginn lokið; ég mætti reyndar á einn formlegan fund, sem var satt best að segja ein leiðinlegasta lífsreynsla sem ég hef þurft að þola.

**ÞEIM** sem eru að stíga sín fyrstu skref í stúdentapólitík, burtséð frá því fyrir hvaða hreyfingu, ráðlegg ég þetta: Ekki taka þátttöku þína í stúdentapólitík of hátíðlega; hún hefur engan annan tilgang en að veita þér útrás fyrir þína eigin félagsþörf og kemur líklega hvorki til með að hafa áhrif á nokkurn annan en þá sem þurfa að umbera þig næstu vikurnar. Og ef þú sérð nafnið mitt á úthringilistanum þínum, værirðu þá til í að tússa bara yfir það, takk.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM! EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is



# menning

menning@frettabladid.is

**! HÁDEGISTÓNLEIKAR Í HAFNARBORG** Gréta Hergils Valdimarsdóttir syngur á fyrstu hádegistónleikum ársins í Hafnarborg á fimmtudag. Á dagskránni verða aríur eftir Bellini, Donizetti og Verdi, auk óvænts dagskrárliðs. Þetta er níunda árið í röð sem boðið er upp á hádegistónleika í Hafnarborg fyrsta fimmtudag í mánuði. Tónleikarnir standa yfir í um hálfa klukkustund og eru öllum opnir. Húsið verður opnað klukkan 11.30.

# Tíu fræðirit tilnefnd til verðlauna Hagþenkis

**Tíu höfundar eru tilnefndir til viðurkenningar Hagþenkis 2010, sem kynntar voru í húsakynnum ReykjavíkurAkademíunnar í gær. Sigurvegarinn verður kunngjörður um miðjan næsta mánuð.**

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, hefur veitt viðurkenningar fyrir fræðirit, námsgögn eða aðra miðlun fræðilegs efnis til almennings allar götur síðan 1986.

Viðurkenningarráð Hagþenkis tilnefnir 10 höfunda og velur í kjölfarið þann sem hlýtur viðurkenninguna. Ráðið er skipað fimm félagsmönnum Hagþenkis af ólíkum fræðasviðum. Ráðið skipa: Þórður Helgason, bókmenntafræðingur og formaður ráðsins, Geir Sveinsson, bókmenntafræðingur og þýðandi, Hrefna Róbertsdóttir sagnfræðingur, Kristín Unnsteinsdóttir, uppeldis- og kennslufræðingur, og Jóhann Óli Hilmarsson, fuglafræðingur og ljósmyndari. Verkefnastýra ráðsins er Friðbjörg Ingimarsdóttir.

Verðlaunaupphæðin er ein milljón króna.

Tvö bókaforlög eiga tvær tilnefndar bækur hvort, Forlagið og Háskólaútgáfan, en hinar sex tilnefningarnar dreifast á jafn mörg forlög. Þrjú tilnefnd rit eru einnig tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna: Gunnar Thoroddsen, Þóra biskups og Sveppabókin. Helgi Hallgrímsson er eini tilnefndi höfundurinn sem hefur hlotið viðurkenningu Hagþenkis áður og það reyndar í tvígang: bæði hlaut hann fyrstu viðurkenningu Hagþenkis fyrir tæpum aldarfjórðungi og sömuleiðis árið 2005 fyrir rit sitt um Lagarfljót.

Tilkynnt verður hvaða höfundur hreppir hnossið við hátíðlega athöfn í Þjóðarbókhlöðunni um miðjan mars næstkomandi.



**HIN TILNEFNDU** Viðurkenningarráð Hagþenkis er skipað fimm fulltrúum ólíkra fræðasviða sem tilnefna tíu höfunda. FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI




## TILNEFNINGAR TIL VIÐURKENNINGAR HAGÞENKIS 2010

| Höfundur | Titill | Útgáfa |
|---|---|---|
| Eysteinn Þorvaldsson | Grunað vængjatak | Háskólaútgáfan |
| Guðni Th. Jóhannesson | Gunnar Thoroddsen – Ævisaga | Forlagið/JPV-útgáfa |
| Gunnar Hersveinn | Þjóðgildin | Skálholtsútgáfan |
| Kristín Loftsdóttir | Konan sem fékk spjót í höfuðið | Háskólaútgáfan |
| Helgi Hallgrímsson | Sveppabókin | Skrudda |
| Ingimar Sveinsson | Hrossafræði Ingimars | Uppheimar |
| Sigrún Pálsdóttir | Þóra biskups … | Forlagið/JPV-útgáfa |
| Una Margrét Jónsdóttir | Allir í leik. Söngvaleikir barna, I-II | Bókaútgáfan Æskan |
| Unnur Birna Karlsdóttir | Þar sem fossarnir falla | Hið íslenska bókmenntafélag |
| Þröstur Helgason | Birgir Andrésson – Í íslenskum litum | Crymogea. |






Menningarkort Reykjavíkur

# Nýjung í söfnum Reykjavíkurborgar




**2 FYRIR 1 allan febrúar**




**Bláa kortið** gildir í eitt ár frá útgáfudegi á eftirfarandi: Borgarbókasafn, Listasafn Reykjavíkur, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Gerðuberg og Minjasafn Reykjavíkur.
**Verð: 5.000 kr.**




**Rauða kortið** gildir í eitt ár frá útgáfudegi á eftirfarandi: Listasafn Reykjavíkur; Hafnarhús, Kjarvalsstaði og Ásmundarsafn.
**Verð: 3.000 kr.**




**Græna kortið** gildir í eitt ár frá útgáfudegi á eftirfarandi: Minjasafn Reykjavíkur; Árbæjarsafn og Landnámssýningu.
**Verð: 3.000 kr.**

Menningarkort Reykjavíkur er bráðsnjöll nýjung í söfnum Reykjavíkurborgar. Menningarkortið veitir aðgang í heilt ár að fimm söfnum og auk þess ýmis fríðindi í verslunum og veitingastöðum safnanna. Hægt er að velja milli þriggja ólíkra korta, allt eftir áhugasviði hvers og eins. Einu gildir hvaða kort er valið, það er fljótt að borga sig. Þeir sem kaupa Menningarkort Reykjavíkur (bláa kortið) eiga kost á að vinna vegleg verðlaun í happdrætti Menningarkortsins.

Í febrúar býðst Menningarkortið á sérstökum kynningarafslætti. Þeir sem kaupa kort í mánuðinum fá tvö á verði eins og því kjörið tækifæri að tryggja sér þessa nýjung á enn betri kjörum.

Allar nánari upplýsingar fást á **menningarkort.is**

Menningarkort Reykjavíkur
*– listilega einfalt*

Menningarkortin má kaupa á öllum söfnunum og jafnframt á ***midi.is***

# Ekki reykja krakk

Bíó ★★★

**The Fighter**

Leikstjóri: David O. Russell

**Aðalhlutverk:** Mark Wahlberg, Christian Bale, Amy Adams, Melissa Leo.

The Fighter er ein þeirra mynda sem tilnefndar eru sem besta kvikmynd á Óskarsverðlaunahátíðinni sem haldin verður í lok mánaðarins. Reyndar er myndin tilnefnd í sex öðrum flokkum og verður því að teljast ein af „stóru“ myndunum á hátíðinni í ár.

Mark Wahlberg leikur boxarann Micky Ward en áætlanir hans um frægð og frama í hnefaleikum eru á leið í vaskinn vegna lélegrar umboðsmennsku ráðríkrar móður hans. Bróðir hans, Dicky Eklund (Christian Bale), er fyrrverandi hnefaleikakappi sjálfur og virkur krakkfíkill, en hefur verið þjálfari bróður síns til margra ára. Dramatískt fjölskyldulíf og léleg sjálfsmynd hafa sett mark sitt á Micky, sem hefur tapað mörgum bardögum í röð og stendur nú á krossgötum. Hann þarf að velja milli þess að halda tryggð við fjölskylduna eða reyna að endurheimta feril sinn og sjálfsvirðinguna upp á eigin spýtur.

Mikið hefur verið rætt um frammistöðu Christians Bale í myndinni en hún þykir með afbrigðum góð. Ég er sammála því og það er hreint út sagt stórkostlegt að fylgjast með honum. Hann daðrar við ofleikinn að vísu, en ofleikurinn er af þeirri gerðinni að vera réttlætanlegur. Líkt og Pacino sem Tony Montana eða Nicholson sem Jókerinn. Bale er fyndinn og sorglegur á víxl, en umfram allt er hann nærri óþekkjanlegur. Aðrir leikarar skila einnig sínu. Marky Mark er Marky Mark, mamman er æðisleg og systurnar sjö ættu að fá sérstök verðlaun sem ein persóna. Þær eru allar eins, og þær eru allar jafn hræðilegar. Satt best að segja skelfdu þær mig meira en svínaflensan og öreindahraðallinn í CERN gerðu til samans.

Þrátt fyrir alvarleika sögunnar er The Fighter bráðfyndin mynd. Það skrifast að mestu á leikstjórn Davids O. Russell. Á meðan dramatísk atriði eru á köflum klúðursleg er bætt upp fyrir það með spennandi slagsmálasenum, meinfyndnum samtölum og jafnvel slapstick-húmor. Hafa ber í huga að myndin er sannsöguleg en þó er líklegt að höfundarnir hafi tekið sér vel útilátið skáldaleyfi.

Það er þó skoðun undirritaðs að The Fighter sé hampað meira en hún á skilið. Skemmtanagildið er til staðar en dýptina vantar. Aðalpersónan er ekki nógu spennandi og framvinda sögunnar kemur aldrei á óvart.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Miðlungs saga, frábærir leikarar og sniðugur leikstjóri. Já, og Marky Mark.



**DRAMATÍSKT FJÖLSKYLDULÍF** Christian Bale og Mark Wahlberg í hlutverkum sínum í The Fighter.

# Elíza fær góða dóma

Tónlistarkonan Elíza Geirsdóttir Newman hefur fengið góða dóma í Bretlandi fyrir EP-plötu sína Ukulele Songs for You sem kom út í stafrænu formi fyrir skömmu. Platan inniheldur lögin Ukulele Song for You, Eyjafjallajökull, sem sló í gegn þegar Elíza flutti það á fréttastöðinni Al Jazeera, og áður óútgefið lag sem nefnist Out of Control.

„Lögin á þessari stuttu EP-plötu eru krúttleg. Með því að nota ukulele og hafa undirspilið einfalt hefur Elízu tekist að búa til sæta og flotta plötu með lögum sem henta vel til hlustunar á sunnudagseftirmiðdögum,“ segir í dómi síðunnar Addict Music.

Gagnrýnandi síðunnar Stereoboard er einnig jákvæður: „Með ukulele í höndunum er erfitt að ímynda sér að Elíza hafi verið í rokkhljómsveitum og líti á System of a Down og Led Zeppelin sem tvo af helstu áhrifavöldum sínum. Hérna er hún langt frá rótum sínum í Bellatrix en samt hefur henni tekist að búa til einfalda og seiðandi þriggja laga EP-plötu.“

Þá gefur gagnrýnandi síðunnar Gobshout plötunni sjö í einkunn af tíu mögulegum og segir tónlistina vera laglega og léttleikandi. Vefsíðan Music-News gefur plötunni þrjár stjörnur af fimm mögulegum. Gagnrýnanda hennar finnst rödd Elízu samt ekki fá að njóta sín í titillaginu og bætir við að lögin þrjú séu ágæt en ekkert umfram það. **- fb**



**GÓÐAR VIÐTÖKUR** Elíza hefur fengið góða dóma fyrir EP-plötu sína Ukulele Songs for You í Bretlandi.



**SÁTTUR** Duncan James úr Blue er gríðarlega ánægður með nýja lagið.

# Blue keppir í Eurovision

**Strákabandið Blue keppir fyrir hönd Bretlands í Eurovision í vor. Lagið sem strákarnir ætla að flytja nefnist I Can og vonast þeir til að endurvekja feril sinn með þátttökunni í keppninni. „Orðrómurinn er á rökum reistur. Við getum ekki beðið eftir því að lofa ykkur að heyra lagið. Það er mjög flott,“ skrifaði söngvarinn Duncan James á Twitter. Blue hætti störfum árið 2005 en sneri aftur fyrir tveimur árum og fór í stóra tónleikaferð.**

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus
700 KR.
950 KR. Í 3D gleraugu seld sér
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar dagsins.
SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE FIGHTER | 5.40, 8 og 10.20 | 14 |
| THE GREEN HORNET 3D | 8 | 12 |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI 3D | 6 - ISL TAL | L |
| SAW 3D | 10.20 | 16 |
| ALFA OG ÓMEGA 2D | 6 - ISL TAL | L |
| LITTLE FOCKERS | 8 og 10 | L |

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS
Tilboð 700 kr.
STUNDUM ER SANNLEIKURINN SÁR
DILEMMA
THE KING'S SPEECH
12 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
BESTA MYND
950 kr. á 3D sýningar
40 ÞÚSUND SKELLIHLÆGJANDI ÁHORFENDUR!
HEREAFTER

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| THE KING´S SPEECH | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| ROKLAND | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HEREAFTER | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| HEREAFTER | kl. 5:30 | VIP |
| HARRY POTTER | kl. 8 Síðustu sýningar | 10 |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 10:40 Síðustu sýningar | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TANGLED-3D ísl tal | kl. 5:50 | L |
| THE KING'S SPEECH | kl. 8 - 10:20 | L |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 | 14 |
| ROKLAND | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| DILEMMA | kl. 5.30 - 8 og 10.30 | L |
| KING'S SPEECH | kl. 5.15 - 8 | L |
| GREEN HORNET-3D | kl. 8 og 10.40 | 12 |
| KLOVN: THE MOVIE | kl. 8 og 10.40 | 14 |
| ROKLAND | kl. 10.15 | 12 |
| TANGLED-3D ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| TRON: LEGACY-3D | kl. 5.15 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 8:20 - 10:30 | 14 |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| YOU AGAIN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!
THE FIGHTER
7 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA BESTA MYND
2 SIGURVEGARI! GOLDEN GLOBE VERÐLAUN
midi.is
STUNDUM ER SANNLEIKURINN SÁR
DILEMMA
LÚXUS
700 kr.
950 kr.
Frönsk kvikmyndahátíð
NÁNARI UPPL. Á AF.IS OG MIDI.IS

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| THE DILEMMA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE DILEMMA LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE GREEN HORNET 3D | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| BURLESQUE | kl. 8 - 10.35 | L |
| ALFA OG ÓMEGA 3D | kl. 3.30 | L |
| THE TOURIST | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | kl. 3.30 - 5.50 | L |
| MEGAMIND 3D ÍSL. TAL | KL. 3.40 | L |
| NARNIA 3 3D | KL. 3.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ — Nánar á Miði.is — 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE FIGHTER | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| BURLESQUE | KL. 10.10 | L |
| GAURAGANGUR | KL. 5.50 - 8 | 7 |
| LÍFSLÖNGUN | kl. 10 Enskur texti | L |
| BARA HÚSMÓÐIR | kl. 6 Enskur texti | L |
| HVÍTAR LYGAR | kl. 8 Íslenskur texti | L |
| LEYNDARMÁL | kl. 6 Enskur texti | L |
| EINS OG HINIR | KL. 10.35 Enskur texti | L |
| ÆVINTÝRI ADÉLE | KL. 8 Íslenskur texti | L |

BORGARBÍÓ — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| THE DILEMMA | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| THE GREEN HORNET 3D | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| ALFA OG ÓMEGA 3D | kl. 5.50 | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is 5%
facebook / smarabio • facebook / haskolabio
Ath: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíó

LYFJA – Lifið heil
Lægra verð í Lyfju
Voltaren Dolo 12,5 mg Diclofenac. kal. Verkjastillandi – Hitalækkandi
Voltaren dolo 12,5 mg
15% verðlækkun.
20 stk. Áður: 382 kr. Nú: 325 kr.
Gildir út febrúar.

CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| HERBERGI Í RÓM (HABITACION EN ROMA)(14) | 18:00, 22:00 |
| SÚÐBYRÐINGUR (L) | 20:00 |
| UPPÁTÆKI (MICMACS)(L) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| EINHVERSSTAÐAR (SOMEWHERE)(L) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| THE SOCIAL NETWORK (L) | 20:00 |
| RODLAUST OG BEINLAUST (L) | 18:00 |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 850 KR. MIÐINN!
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

# + Á bak við fallegt bros eru vel hirtar tennur



## Tannverndardagar 1. til 4. febrúar

Okkur hjá Lyfju er ljóst að dagleg umhirða tanna er mikilvæg til að viðhalda góðri heilsu.
Við leggjum þér lið í baráttunni við Karíus og Baktus með fjölmörgum hagstæðum tilboðum í febrúar.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 53326 01/11

## TRISA




**Trisa-tannkremin**
eru með:

**+30% afslætti**
til 10. febrúar.

## FLUX




**Hefur þú skolað í dag?**
Flux-fjölskyldan fæst með:

**+20% afslætti**
til 28. febrúar.

## G·U·M

**G·U·M Paroex**
Fyrirbyggjandi meðferð gegn bólgum, tannsýklum og tannsteinsmyndun.




**+20% afsláttur**
til 10. febrúar.

**G·U·M Original White**
Öflug blettahreinsun á tönnum, inniheldur ekki bleikiefni.

## LISTERINE




**+20% afsláttur**
til 10. febrúar.

**Styrkir tennurnar og vinnur gegn tannskemmdum.**

## SPRY




**+20% afsláttur**
til 24. febrúar.

**Spry-tyggjó** með 100% Xylitol minnkar hættu á holumyndun og skemmdum í tönnum. Gleðileg viðbót við tannhirðuna.

## SENSODYNE

**Sensodyne**
**fyrir viðkvæmar tennur.**

**+ Kaupauki:**

**20 ml tannkremstúpa**
með hverri keyptri Sensodyne-vöru.
Gildir til 10. febrúar.




Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

# sport

sport@frettabladid.is



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** var á leiðinni til enska úrvalsdeildarliðsins Fulham þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær. Það leit út fyrir að Eiður Smári yrði áfram hjá Stoke þegar fréttist af því að hann væri í læknisskoðun hjá Stoke og að Mark Hughes, stjóri Fulham, fengi hann á láni út tímabilið. Eiður Smári hefur áður spilað með Lundúnafélögunum Chelsea (2000-2006) og  Tottenham.

# Hundrað hraðaupphlaupsmörk

**Guðjón Valur Sigurðsson hefur skorað 108 hraðaupphlaupsmörk í fimm heimsmeistarakeppnum. Hann skoraði 29 slík á HM í Svíþjóð þrátt fyrir að vera nýstiginn upp úr meiðslum. Guðjón Valur varð líka fyrstur íslenskra handboltamanna til þess að skora níu mörk eða meira í sex leikjum á HM.**

**HANDBOLTI** Íslenskir handboltaáhugamenn eru flestir sannfærðir um að við eigum besta hraðaupphlaupsmann heims í Guðjóni Val Sigurðssyni og ættu 108 hraðaupphlaupsmörk í 39 leikjum á HM að vera afbragðs rökstuðningur fyrir því. Guðjón Valur braut hundrað marka múrinn á móti Þjóðverjum og endaði mótið síðan á því að skora sex hraðaupphlaupsmörk í leiknum um fimmta sætið á móti Króatíu.

Guðjón Valur hefur verið kallaður vindurinn í íslenska landsliðshópnum og ekki að ástæðulausu því stór hluti 1.172 marka hans fyrir íslenska landsliðið hefur komið úr hraðaupphlaupum. Það er fyrir löngu sannað að enginn varnarmaður stenst Guðjóni Val snúning komist hann á flugið og erfið hnémeiðsli hafa ekki rænt hann hraðaupphlaupshæfileikunum, sem betur fer.

Það var nefnilega mikil óvissa í kringum þátttöku Guðjóns Vals á HM í Svíþjóð eftir að hann hafði verið frá vegna meiðsla stærsta hluta ársins 2010. Guðjón Valur spilaði engu að síður í 8 klukkutíma og tæpar 44 mínútur í mótinu, langmest leikmanna íslenska liðsins. Guðjón Valur komst líka vel frá sínu og var áttundi markahæsti leikmaður HM í Svíþjóð með 47 mörk í 9 leikjum, eða 5,2 mörk að meðaltali í leik.

Guðjón Valur skoraði alls 29 af 47 mörkum sínum úr hraðaupphlaupum en hann skoraði sextán fleiri hraðaupphlaupsmörk en næsti maður hjá íslenska landsliðinu sem var Alexander Petersson. Guðjón Valur skoraði „bara“ fjögur hraðaupphlaupsmörk í fimm leikjum á fyrsta heimsmeistaramóti sínu í Frakklandi árið 2001 en við komu Guðmundar Guðmundssonar í þjálfarastólinn fór íslenska liðið að skora mun meira úr hraðaupphlaupum, ekki síst þökk sé framlagi Guðjóns Vals. Guðjón skoraði 19 mörk í 9 leikjum á HM í Portúgal 2003 (2,1 í leik) og 18 mörk í 5 leikjum á HM í Túnis 2005 (3,6 í leik).

Guðjón Valur var síðan markakóngur á HM í Þýskalandi 2007 fyrstur Íslendinga þar sem hann skoraði 66 mörk í 10 leikjum, níu mörkum meira en næsti maður sem var Tékkinn Filip Jicha. Guðjón Valur hækkaði þar hraðaupphlaupsmörkin sín í 3,8 að meðaltali í leik en alls skoraði hann 38 mörk úr hröðum upphlaupum í mótinu.

Guðjón Valur kom þremur leikjum á HM í Svíþjóð inn á topp fimm yfir bestu hraðaupphlaupsleiki sína á HM en Guðjón skoraði 6 hraðaupphlaupsmörk eða meira á móti Brasilíu, Króatíu og Japan. Í efstu tveimur sætunum eru hins vegar tveir leikir á móti Áströlum þar sem Guðjón Valur skoraði samtals 19 hraðaupphlaupsmörk, tíu slík mörk á HM í Portúgal 2003 og níu á HM í Þýskalandi fjórum árum síðar.

Guðjón Valur bætti enn fremur met Valdimars Grímssonar á því móti með því að eiga þrjá leiki þar sem hann skoraði 9 mörk eða fleiri. Enginn leikmaður Íslands hefur nú átt fleiri níu marka leiki í heimsmeistarakeppni; Guðjón Valur hefur skorað 9 mörk eða fleiri í sex leikjum á HM en Valdimar skoraði níu mörk í fimm leikjum, þar af þremur á HM í Kumamoto árið 1997.

Guðjón skoraði 11 mörk í sigri á Brasilíu, 9 mörk í sigri á Japan og loks 10 mörk í lokaleiknum á móti Króatíu. Í öllum leikjunum fór hann á kostum í hraðaupphlaupunum en 63 prósent marka hans í þessum þremur leikjum komu úr hraðaupphlaupum, eða 19 af 30 mörkum.

Guðjón Valur lætur vonandi ekki hér við sitja og heldur áfram að raða inn mörkum úr hraðaupphlaupum á næstu stórmótum íslenska landsliðsins enda eru hraðaupphlaupsmörkin hans lykilvopn í velgengni íslenska landsliðsins.

ooj@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**EITT AF HUNDRAÐ OG ÁTTA** Guðjón Valur Sigurðsson sést hér skora úr hraðaupphlaupi á móti Brasilíu á HM í Svíþjóð.

### Tölfræði hraðaupphlaupa Guðjóns Vals á HM

**Hraðaupphlaupsmörk Guðjóns á HM (Skotnýting innan sviga)**

| | |
|---|---|
| HM í Frakklandi 2001 | 4 (36 prósent) |
| HM í Portúgal 2003 | 9 (68 prósent) |
| HM í Túnis 2005 | 18 (82 prósent) |
| HM í Þýskalandi 2007 | 38 (79 prósent) |
| HM í Svíþjóð 2011 | 29 (81 prósent) |

**Bestu hraðaupphlaupsleikir Guðjóns Vals á HM 2001 til 2011:**

| | |
|---|---|
| Ástralía á HM 2003 | 10 mörk |
| Ástralía á HM 2007 | 9 |
| Brasilía á HM 2011 | 7 |
| Króatía á HM 2011 | 6 |
| Japan á HM 2011 | 6 |
| Tékkland á HM 2005 | 5 |
| Spánn á HM 2007 | 5 |
| Rússland á HM 2007 | 5 |
| Alsír á HM 2005 | 4 |
| Úkraína á HM 2007 | 4 |
| Þýskaland á HM 2007 | 4 |
| Rússland á HM 2005 | 4 |



**ANNA ÚRSÚLA GUÐMUNDSDÓTTIR** Hefur farið fyrir Valsliðinu í bæði vörn og sókn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

N1-deild kvenna í handbolta:

## Anna Úrsúla var valin best

**HANDBOLTI** Valskonan Anna Úrsúla Guðmundsdóttir var í gær valin besti leikmaður fyrstu níu umferðanna í N1-deild kvenna í handbolta.

Anna Úrsúla er lykilmaður í Valsvörninni sem hefur fengið á sig fæst mörk og er enn fremur annar markahæsti leikmaður Valsliðsins.

Valur, Fram og Stjarnan eiga tvo leikmenn hvert í úrvalsliðinu en liðin voru jöfn að stigum eftir fyrstu níu leikina. ÍBV er eina félagið til viðbótar sem á leikmann í liðinu. Gústaf Adolf Björnsson, þjálfari Stjörnunnar, var valinn besti þjálfarinn. **- óój**

### Úrvalslið umferða 1 til 9:

| | |
|---|---|
| **Mark:** | Íris Björk Símonardóttir, Fram |
| **Vinstri skytta:** | Hrafnhildur Ósk Skúlad., Val |
| **Leikstjórnandi:** | Karen Knútsdóttir, Fram |
| **Hægri skytta:** | Jóna Margrét Ragnarsd., Stjörn. |
| **Vinstra horn:** | Guðbjörg Guðmannsdóttir, ÍBV |
| **Hægra horn:** | Sólveig Lára Kjærnested, Stjörn. |
| **Lína:** | Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, Val |

**Besti leikmaður**

Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, Val

**Besti þjálfari**

Gústaf Adolf Björnsson, Stjörnunni



**HLYNUR OG JAKOB** Standa sig vel með Sundsvall í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lið Hlyns og Jakobs í Svíþjóð:

## Með fjögurra stiga forskot

**KÖRFUBOLTI** Sundsvall Dragons, lið þeirra Hlyns Bæringssonar og Jakobs Arnar Sigurðarsonar, er komið með fjögurra stiga forskot í sænsku úrvalsdeildinni í körfubolta eftir 94-81 útisigur á LF Basket í toppslagnum í deildinni í gærkvöldi.

Þetta var þriðji sigur Sundsvall í röð og sá sextándi í síðustu sautján leikjum. Liðið er nú með fjögurra stiga forskot á LF Basket auk þess að eiga einn leik inni. Sundsvall hefur unnið 20 af 25 leikjum tímabilsins.

Hlynur og Jakob skoruðu báðir tíu stig í leiknum, Hlynur var auk þess með 11 fráköst og 5 stoðsendingar en Jakob var líka með 5 fráköst og 4 stoðsendingar.

Hlynur og Jakob voru allt í öllu í spili liðsins þegar Sundsvall breytti stöðunni úr 71-71 í 90-74 á tæpum fjórum mínútum en þeir áttu þá saman fimm stoðsendingar (Jakob 3 og Hlynur 2) á þessum mikilvæga kafla. **- óój**

Liverpool seldi Fernando Torres til Chelsea og keypti Andy Carroll frá Newcastle og Luis Suarez frá Ajax:

# Milljarðaviðskipti á Merseyside í gær

**FÓTBOLTI** Það snerist allt í kringum Liverpool á lokadegi félagaskiptagluggans enska boltans í gær og á endanum setti félagið tvö milljarðamet. Fyrst með því að kaupa Andy Carroll frá Newcastle fyrir hæstu upphæð sem borguð hefur verið fyrir enskan leikmann og svo með því að selja Fernando Torres til Chelsea fyrir hæstu upphæð sem enskt félag hefur greitt fyrir leikmann.

Liverpool gekk einnig frá kaupunum á Luis Suarez í gær og því voru heildarviðskipti félagsins 31. janúar 2011 í kringum 108 milljónir enskra punda sem teljast vera um 20 milljarðar íslenskra króna.

Það lá í loftinu allan gærdaginn að Fernando Torres væri á leið til Chelsea fyrir 50 milljónir punda en Liverpool staðfesti loks söluna á leikmanninum rétt fyrir klukkan hálf átta. Torres átti þá eftir að fara í læknisskoðun og semja um sín kjör við Chelsea.

Það var ekki ljóst í gær hvort Torres fengi að spila með Chelsea á móti Liverpool um næstu helgi en það yrði þá ein sögulegasta frumraun leikmanns hjá liði í ensku úrvalsdeildinni.

Það var meiri dramatík í kringum kaup Liverpool á Andy Carroll frá Newcastle.





Newcastle hafnaði fyrstu tveimur tilboðum Liverpool en féllst loksins á það að selja leikmanninn þegar Carroll sjálfur bað um að vera seldur. Carroll kostaði Liverpool á endanum 35 milljónir punda og bætti því met Rio Ferdinand sem var áður dýrasti enski leikmaðurinn frá því að Manchester United keypti hann frá Leeds United árið 2002.

Til að kóróna milljarðadaginn 31. janúar 2011 þá gekk Liverpool einnig frá kaupunum á Luis Suarez frá Ajax fyrir 22,7 milljónir punda í gær og mun Úrúgvæinn spila í treyju númer sjö hjá félaginu. Suarez skrifaði undir samning til ársins 2017.

Það varð hins vegar ekkert af því að Liverpool keypti Charlie Adam frá Blackpool eða Micah Richards frá Manchester City. Liverpool bauð 10 milljónir í Adam og 20 milljónir í Richards en félög þeirra vildu ekki selja sína leikmenn. **- óój**

EGGER

# Eikar plastparket

**1.190kr/m²**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*



Eik 3ja stafa
6mm Plastparket frá Egger Austurríki, fæst líka í Hnotu
146956

Eik Robust 3ja stafa
13mm Viðarparket frá Tarkett Svíþjóð
146800

Tarkett



mjög líflegt & fallegt efni

**3.890kr/m²**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

# LÆGRA VERÐ

## Á ÖLLU PARKETI

**1.690kr/m²**



Hnota 3ja stafa
7mm plastparket frá Egger Austurríki, fæst líka í Eik
146950

EGGER

**1.690kr/m²**



Nýtt!

Hnota hvít 3ja stafa
7mm plastparket frá Egger Austurríki
146952

EGGER

**1.690kr/m²**



Hnota 3ja stafa
7mm plastparket frá Egger Austurríki
146954

EGGER

EGGER

**1.990kr/m²**

Eikarplanki
8mm plastparket frá Egger Austurríki, fæst í fleiri afbrigðum
146958



ótrúlegt verð!

EGGER

**2.090kr/m²**

Beyki 3ja stafa
7mm Megafloor plastparket frá Egger Austurríki, fæst í fleiri afbrigðum
146941

Auðveldara að leggja



**2.690kr/m²**

EGGER



LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Palladio flísalíki
7mm plastparket frá Egger Austurríki, fáanlegt ljósgrátt eða svart
146989-90

**2.490kr/m²**



KAINDL

Eik hvíttuð 3ja stafa
8mm plastparket frá Kaindl Austurríki
147051

Hærra slitþol

Látum verkin tala!

**EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF PLASTPARKETI**

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

## > Robert De Niro

„Ég horfi ekki á mínar eigin kvikmyndir – ég sofna yfir þeim.“

***Robert De Niro leikur mafíósa sem er að fara á límingunum eftir erfiðan starfsferil og neyðist til að leita aðstoðar sálfræðings í stórskemmtilegu gamanmyndinni Analyze This sem er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON OG DAGFARSPRÚÐIR MENN

# *Hvað eiga Arnfinnur og Matti sameiginlegt?*

Hvað áttu Ástralinn Ívan Milat, Norðmaðurinn Arnfinnur Nesset og Finninn Matti Haapoja sameiginlegt? Jú, ævi þeirra allra var til umfjöllunar á sjónvarpsstöðinni Zone Reality á sunnudagskvöldið. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa verið metnir rólegir fjölskyldumenn af nágrönnum sínum og vinum og taldir dagsfarsprúðir og sérstaklega þægilegir í umgengni.

Ástæðan fyrir umfjölluninni tengdist þó sáralítið fjölskyldulífi þremenninganna. Áhuginn beindist öðru fremur að þeirri staðreynd að þeir drápu fólk í frítíma sínum; misjafnlega marga þó og með ólíkum aðferðum.

Þannig kaus Arnfinnur að eitra fyrir eldri borgurum á hjúkrunarheimili. Hann náði að sálga 22 og var dæmdur til ævilangrar dvalar í fangelsi fyrir geðsjúka glæpamenn. Matti var dæmdur fyrir þrjú morð, vildi sjálfur meina að hann hefði drepið átján en líklega voru þeir ekki færri en 25. Ívan drap svo sjö puttaferðalanga í Ástralíu á nokkurra ára tímabili.



Zone Reality er afburðagóð sjónvarpsstöð sem hefur þá sérstöðu að fjalla um sönn sakamál allan sólarhringinn. Það má halda því fram að eitthvað sé sjúklegt við að hafa áhuga á efninu en ég er ekki einn um það. Það er staðreynd, óþægileg reyndar, að ekkert selur fleiri bækur á alþjóðlegum markaði en grimmdarverkin sem við vinnum hvert á öðru. Þau sem ná að drepa fleiri en þrjá njóta sérstakra vinsælda. Þá á eftir að minnast á skáldsögur, kvikmyndir, sjónvarpsseríur og tölvuleiki. Í reynd er þessi „litli“ hópur kveikjan að milljarða iðnaði sem kenndur er við afþreyingu. Og hún verður vart betri.

## SJÓNVARPIÐ

**16.50 Þýski boltinn** (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Skordýrin í Sólarlaut** (33:43)
**18.23 Skúli skelfir** (26:52)
**18.34 Kobbi gegn kisa** (12:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Skólaklíkur** (3:12) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörugt félagslíf þeirra í háskóla.
**20.55 Myndheimur tímans** (4:5) Þáttaröð um íslenska ljósmyndun eins og hún birtist á sýningum á Listahátíð í Reykjavík vorið 2010. Í fimm þáttum kynnumst við ólíkri nálgun þriggja listamanna.
**21.25 Návígi** Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar. Gestir þáttarins eru um margt ólíkir og koma alls staðar að úr samfélaginu.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Dauðir rísa** (7:12) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Þættirnir hafa unnið til Emmy-verðlauna. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Árekstur** (3:5) (e)
**23.55 Kastljós**
**00.25 Fréttir**
**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 A Fish Called Wanda**
**10.00 An American Girl: Chrissa Stands Strong**
**12.00 Artúr og Mínímóarnir**
**14.00 A Fish Called Wanda**
**16.00 An American Girl: Chrissa Stands Strong**
**18.00 Artúr og Mínímóarnir**
**20.00 Analyze This**
**22.00 10.000 BC**
**00.00 Hitman**
**02.00 Arrivederci amore, ciao**
**04.00 10.000 BC**
**06.00 Fierce People**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.50 Ofuröndin**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 The Amazing Race** (8:11)
**11.00 Tim Gunn's Guide to Style** (8:8)
**11.45 Wonder Years** (2:6)
**12.10 The New Adventures of Old Christine** (2:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance** (12:23)
**14.25 So You Think You Can Dance** (13:23)
**15.05 Sjáðu**
**15.30 Ben 10**
**15.53 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (10:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (10:17)
**20.10 Modern Family** (10:24)
**20.35 Two and a Half Men** (15:22) Sjöunda sería þessa bráðskemmtilega þáttar um bræðurna Charlie og Alan.
**21.00 Chuck** (12:19) Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum leyndarmálum CIA.
**21.45 Burn Notice** (7:16) Frábærir spennuþættir þar sem hasarinn og húmorinn er linnulaus allt frá upphafi til enda.
**22.30 Daily Show: Global Edition**
**22.55 Pretty Little Liars** (11:22)
**23.40 Grey's Anatomy** (10:22)
**00.25 Medium** (18:22)
**01.10 Nip/Tuck** (16:19)
**01.55 Cathouse: Three Ring Circus**
**02.25 The Dead One**
**04.00 Curandero**

## SPORT *besta sætið*

**18.00 Spænski boltinn: Hercules - Barcelona** Útsending frá leik Hercules og Barcelona í spænska boltanum.
**19.45 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**20.45 Ensku bikarmörkin** Sýndar svipmyndir og öll mörkin úr leikjum helgarinnar í ensku bikarkeppninni (FA Cup).
**21.15 NBA körfuboltinn: Chicago - Orlando** Útsending frá leik Chicago Bulls og Orlando Magic í NBA.
**23.00 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**23.55 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá European Poker Tour þar sem margir frábærir spilarar mættu til leiks.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.45 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.40 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**19.10 Diego Simeone** Argentínumaðurinn Diego Simeone er hvað frægastur fyrir að hafa fiskað David Beckham af velli á HM 1998 í Frakklandi en þessi magnaði leikmaður verður kynntur nánar í þessum frábæra þætti.
**19.35 Arsenal - Everton** Bein útsending frá leik Arsenal og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
**21.40 Man. Utd. - Aston Villa** Útsending frá leik Manchester United og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
**23.25 Sunderland - Chelsea** Útsending frá leik Sunderland og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**01.10 WBA - Wigan** Útsending frá leik Birmingham City og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.15 90210 (12:22)** (e)
**17.00 Dr. Phil**
**17.45 Got To Dance** (4:15) (e)
**18.35 Real Hustle** (17:20)
**19.00 Whose Line is it Anyway?** (19:39)
**19.25 Survivor** (8:16) Raunveruleikasería þar sem fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til einn stendur eftir sem sigurvegari. Marty áttar sig á að hann er í vandræðum eftir að helsti bandamaður hans Jill var kosinn burt.
**20.10 Survivor** (9:16) Marty er eitthvað að bralla. Hann býr til lævísa áætlun um hvernig hann getur leitað hefnda.
**21.00 How To Look Good Naked** (11:12) Bresk þáttaröð þar sem konur með alvörubrjóst og mjaðmir læra að elska líkama sinn. Í þessum þætti hittir Gok Wan fyrir sjúkraliðann Karen sem er 37 ára gömul.
**21.50 Good Wife** (2:23) Önnur þáttaröðin þar sem Alicia er hin góða eiginkona. Þættirnir sem skarta stórleikkonunni Juliönnu Margulies slógu rækilega í gegn á síðasta ári.
**22.40 Jay Leno** Grínistinn Adam Sandler er aðalgestur Leno að þessu sinni og uppistandarinn Larry the Cable Guy kitlar hláturtaugar áhorfenda.
**23.25 CSI** (3:22) (e)
**00.15 Harper's Island** (4:13) (e) Stranglega bannað börnum.
**01.05 Worlds Most Amazing Videos** (13:13) (e)
**01.50 Good Wife** (2:23) (e)

## SKJÁRGOLF

**08.30 Farmers Insurance Open** (1:4)
**11.30 Golfing World**
**13.10 Farmers Insurance Open** (1:4)
**16.10 Ryder Cup Official Film 1995**
**17.05 Champions Tour - Highlights** (1:25)
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Tour - Highlights** (4:45)
**19.45 Volvo Golf Champions** (2:2)
**23.10 Golfing World**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem læknar veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem helst brenna á okkur.
**20.15 Gossip Girl** (22:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartíi.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag**
**21.50 Undercovers** (9:13) Spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrrum CIA-njósnarar og reka nú litla veisluþjónustu í LA.
**22.35 Saving Grace** (10:13) Þáttaröð með Holly Hunter í aðalhlutverki. Grace Hanadarko er lögreglukona á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni og heitir að koma henni aftur á rétta braut.
**23.20 Tripping Over** (3:6) Áhrifamiklir þættir um þrjá vini sem búa í London og tvo vini sem búa í Sydney. Vinahóparnir ákveða að ferðast hvor til lands annars en hittast fyrst í Bangkok þar sem ákveðin atburðarás breytir lífi þeirra.
**00.10 The Bill Engvall Show** (8:8)
**00.35 Gossip Girl** (22:22)
**01.20 The Doctors**
**02.00 Fréttir Stöðvar 2**
**02.50 Sjáðu**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Þrjár kjarnakonur sem hlutu viðurkenningu FKA.
**21.00 Græðlingur** Gurrý byrjar klippingar í görðum.
**21.30 Svartar tungur** Birkir, Sigmundur og Tryggvi koma beint út þingstörfum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


# Alicante

Flugsæti
Verð frá **63.900 kr.**

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar.

Vikulegt flug frá 14. apríl til 6. okt. 2011.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á **VITA.is**

vita

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 53451 02/11

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 19.35

**Arsenal - Everton**



Í kvöld er leikið í ensku úrvalsdeildinni og verður viðureign Arsenal og Everton í beinni á Stöð 2 Sport. Fleiri flottir leikir eru á dagskrá: á Sport 3 er sýndur leikur Manchester United og Aston Villa kl. 19.55, á Sport 4 er leikur Sunderland og Chelsea kl. 19.40, á Sport 5 Birmingham og Manchester City kl. 19.40 og á Sport 6 leika Bolton og Wolves kl. 19.55.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarpið **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.13** Eyðieyjan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Ferjumaðurinn við Héraðsvötn **14.03** Sker **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Friðhelgi **21.20** Tríó **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.20** Doctor Who **12.10** Deal or No Deal **12.45** Deal or No Deal **13.20** Whose Line Is It Anyway? **13.45** Whose Line Is It Anyway? **14.10** Only Fools and Horses **15.00** Doctor Who **15.50** Doctor Who **16.35** New Tricks **17.30** Deal or No Deal **18.05** Deal or No Deal **18.40** Only Fools and Horses **19.30** The Catherine Tate Show **20.00** Last of the Summer Wine **20.30** Monarch of the Glen **21.20** Catterick **21.55** Whose Line Is It Anyway? **22.20** Whose Line Is It Anyway? **22.45** New Tricks **23.40** EastEnders **00.10** The Catherine Tate Show

### DR 1

**11.30** Fra Ebeltoft til Kilimanjaro **12.30** Erik den Rødes saga **13.00** Solens mad **13.30** Blod, sved og T-shirts **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Noddy **15.10** Rasmus Klump **15.15** Kasper & Lise **15.30** Lille Nørd **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Kender du typen **19.30** Undercover chef **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Irene Huss: Glasdjævlen **22.30** Robin Hood **23.15** Bag Facaden

### NRK 1

**11.10** Sjukehuset i Aidensfield **12.00** NRK nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** Puls **13.35** Ut i naturen **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Kjendisbarnevakten **15.50** Filmavisen **16.00** NRK nyheter **16.10** Ja, vi elsker **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Ut i naturen **19.15** Det første steget **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Snøballkrigen **21.10** The Pacific **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket

### SVT 1

**09.30** Gomorron Sverige **10.15** Fråga doktorn **11.00** Rapport **11.05** Klass 9A **11.35** Dom kallar oss artister **12.05** Främmande hamn **13.30** Bröderna Haapala **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Notes From the Underbelly **15.30** På spåret **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Kören **20.00** Veckans brott **21.00** Dox **22.35** En idiot på resa **23.20** Gynekologen i Askim


ÓDÝRT!
NICOTINELL FRUIT

NICOTINELL FRUIT
er ódýrara!*

* Fruit er ódýrasta Nicotinell lyfjatyggigúmmíið




Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar af Nicotinell lyfjatyggigúmmíi mega aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, að meðtöldu Prinzmetal afbrigði hjartaangar, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Sjúklingar með háþrýsting sem ekki hefur náðst stjórn á, stöðuga hjartaöng, sjúkdóm í heilaæðum, teppusjúkdóm í útlægum slagæðum, hjartabilun, sykursýki, ofstarfsemi skjaldkirtils eða krómfíklaæxli, auk alvarlega skertrar nýrna- og/eða lifrarstarfsem skulu gæta varúðar við notkun á Nicotinell. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

Apótekarinn+
*lyf á lægra verði*



**Yfir heiðina**
-mjúkur og rúmgóður - Ford Edge tekinn til kostanna.

**Kreppur Norðurlanda bornar saman**

**Vor í lofti á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum**
-fyrstu vísbendingar um viðsnúning úr kreppunni.

MARKAÐURINN
fylgir Fréttablaðinu einu sinni í mánuði
**Næsta blað kemur út á morgun.**

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er án efa Trukkurinn á Prikinu. Þetta er amerískur morgunverður, pönnukaka, beikon og egg. Þetta er langbesti bitinn í bænum.“*

Jóhann Eyvindsson, þjálfari í Jiu-Jitsu skóla Íslands.

# 200 sóttu um starf húsvarðar í Hörpu

Rétt tæplega tvö hundruð umsóknir bárust um starf húsvarðar í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Þórunn Sigurðardóttir, stjórnarformaður Ago, rekstrarfélags Hörpunnar, er ánægð með þann fjölda sem sækist eftir starfinu.

„Við köllum þetta reyndar umsjónarmann fasteigna en það er ljóst að gríðarlega margir hafa áhuga á þessu starfi.“ Að sögn Þórunnar hefur ekki enn verið ráðið í starfið en viðtöl ættu að byrja á næstunni.

Þórunn segir að hlutverk húsvarðarins verði fyrst og fremst að hafa eftirlit með Hörpunni og hafa umsjón með þrifum, en margir hafa haft áhyggjur af því hversu erfitt verði að þrífa glerhjúpinn sem umlykur tónlistarhúsið.

Það verður í mörg horn að líta hjá hinum nýja húsverði. Þannig er stóri salurinn, sem tekur um 1.800 manns í sæti, þétt bókaður eftir að Harpan verður formlega vígð í maí. „Það eru bókaðir í kringum þrennir tónleikar á viku í honum. Og svo er mikil ásókn í minni salina og ráðstefnusalina, svo ekki sé minnst á allar skoðanaferðirnar,“ segir Þórunn og bætir því við að tónleikahaldarar hafi jafnframt sýnt anddyrinu mikinn áhuga, meðal annars forsvarsmenn Iceland Airwaves.

Þórunn viðurkennir að húsvörðurinn eigi eftir að hafa nóg á sinni könnu fyrstu vikurnar eftir opnun. „Og við munum borga bara eðlileg laun. Vinnan verður samt ansi hreint mikil og það verða ekki stimpilklukkur í húsinu.“ **- fgg**



**EFTIRSÓKNARVERÐ HARPA** Tvö hundruð hafa sótt um starf húsvarðar í Hörpu. Þórunn Sigurðardóttir segir launin ágæt, vinnuna mikla en engar stimpilklukkur verði í húsinu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Bassaleikarinn **Árni Hjörvar Árnason** og félagar hans í bresku hljómsveitinni The Vaccines sendu frá sér smáskífuna Post Break-Up Sex á mánudaginn í síðustu viku. Skífan seldist vel og í gær kom í ljós að hún hafði náð 32. sæti breska vinsældalistans. Sæti fyrir ofan er ný smáskífa Oasis-kempunnar Liam Gallagher og hljómsveitar hans, Beady Eye. Um miðja síðustu viku var útlit fyrir að Árni og félagar myndu slá Gallagher við, en hann komst upp fyrir þá á lokasprettinum.



Útvarpsmaðurinn Sveinn H. Guðmarsson lætur í vikunni af störfum sem upplýsingafulltrúi fyrir Unicef, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, í Jemen. Sveinn hefur gegnt starfinu í gegnum Íslensku friðargæsluna í rúmlega hálft ár. Arftaki Sveins ku vera mættur til starfa en þeir þekkjast frá fornu fari. Sá er **Héðinn Halldórsson** sem einmitt starfaði um hríð með Sveini hjá Ríkisútvarpinu en gat sér síðast gott orð sem einn höfunda heimildarmyndar um Sundhöllina og fastagesti þar.

**- afb, hdm**



**HÓPURINN** Þau Ugla Egilsdóttir, Dóri DNA og Bergur Ebbi ásamt þýsku ungskáldunum Noru Gomringer, Bas Böttcher og Finn-Ole Heinrich. Þau munu ferðast um allt Þýskaland með verk byggt á Íslendingasögunum.




DÓRI DNA: VIÐ ERUM MEÐ ÍSLENDINGASÖGURNAR Á HEILANUM

# Leikrit upp úr fornsögunum sýnt um allt Þýskaland

„Nafnið á verkinu er mjög fyndin nálgun, það er fengið að láni frá Jóni Grindvíkingi sem lýsti Íslendingasögunum svona, að þetta væru bændur að fljúgast á,“ segir Halldór Halldórsson, betur þekktur sem Dóri DNA.

Dóri er hluti af sex manna teymi íslenskra og þýskra listamanna sem hafa sett saman verkið Bændur fljúgast á en það er innblásið af Íslendingasögunum. Í því er blandað saman tónlist, ljóðaflutningi og uppistandi sem eiga að birta Íslendingasögurnar í nýju og óvæntu ljósi. Fulltrúar Þýskalands eru þau Nora Gomringer, Bas Böttcher og Finn-Ole Heinrich.

Ferðalagið hefst í mars en þá mun íslenska þríeykið, sem samanstendur auk Dóra af Bergi Ebba Benediktssyni og Uglu Egilsdóttur, ferðast um Ísland með hluta verksins. Í maí hittist síðan allur hópurinn í Bamberg í Þýskalandi og verður þar við æfingar en þaðan verður ferðinni heitið til München og svo á Listahátíð í Reykjavík. Botninn verður síðan sleginn í sýningaferðalagið á bókasýningunni í Frankfurt í október en þá verður verkið sýnt í helstu borgum og bæjum Þýskalands.

Eins og kom fram í fjölmiðlum á síðasta ári ferðaðist þessi hópur um allt Ísland til að leita sér að innblæstri. „Við fórum hringinn, vorum á Njáluslóðum, hlustuðum á fyrirlestur um Snorra Sturluson og sóttum Skálholt heim. Og svo gistum við eina á nótt á Hala í Suðursveit,“ segir Dóri en Íslendingasögurnar voru honum ekkert lokuð bók því hann hefur verið einlægur aðdáandi þeirra um langt skeið. „Við Bergur erum svolítið með þær á heilanum; Bergur er með texta upp úr Fóstbræðrasögu húðflúraðan á sig og Ugla hefur líka mikið verið að pæla í þeim,“ segir Dóri en ekki er hægt að líta framhjá skyldleika þessa verkefnis og Gerplu sem afi Halldórs og nafni, Halldór Kiljan Laxness, skrifaði. „Ég held samt að ég hafi ekkert verið valinn í þetta út af henni. Maður hefur samt auðvitað lesið hana.“

Dóri hefur nú verið búsettur í Þýskalandi í hálft ár og kann vel við sig meðal Þjóðverja, hann sé meðal annars farinn að reyna fyrir sér á þýsku. „Við Bergur erum að skrifa sjónvarpsþátt sem verður tekinn upp í sumar með Mið-Íslandi þannig að það verður bara ágætt að komast út í lönd og fá smá frí frá því þegar að þessu kemur.“

freyrgigja@frettabladid.is




# Hitar upp fyrir The Go! Team

Retro Stefson hitar upp fyrir ensku hljómsveitina The Go! Team á tíu daga tónleikaferð um Þýskaland í mars.

The Go! Team er sex manna band sem blandar ýmsum tónlistarstefnum saman á hressilegan hátt. Sveitin spilaði á Iceland Airwaves hátíðinni árið 2006 og hefur á ferli sínum gefið út þrjár plötur, nú síðast Rolling Blackouts. Fyrsta plata hennar, Thunder, Lightning, Strike, var tilnefnd til hinna virtu Mercury-tónlistarverðlauna í Bretlandi árið 2005.

Unnsteinn Manuel Stefánsson úr Retro Stefson vonast til að upphitunin fyrir The Go! Team verði til þess að vekja enn meiri athygli á hljómsveitinni á erlendri grundu. Hann kannast lítillega við ensku sveitina. „Ég fór á tónleika með henni á Airwaves og hef aðeins hlustað á hana,“ segir hann og hlakkar til Þýskalandsferðarinnar.

Næstu tónleikar Retro Stefson verða á norsku hátíðinni By: Larm í febrúar en eftir tónleikana í Þýskalandi hefur stefnan verið sett á áframhaldandi tónleikaferðalag.

Í síðustu viku sagði Fréttablaðið frá væntanlegum samningi sveitarinnar við útgáfurisann Universal. Að sögn Unnsteins hefur hann ekki enn verið undirritaður og vildi hann því ekki tjá sig um samninginn að svo stöddu. Viðræður fóru af stað eftir að útsendari Universal í Þýskalandi fór á tónleika með Retro Stefson á Airwaves-hátíðinni síðasta haust og heillaðist upp úr skónum. **- fb**



**RETRO STEFSON** Hljómsveitin hitar upp fyrir The Go! Team á tíu daga tónleikaferð um Þýskaland. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Safnaðu þekkingu

## Endurmenntun fyrir alla – óháð fyrri menntun



**Skráningarfrestur er að öllu jöfnu viku áður en námskeið hefst**

### MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Saga læknisfræðinnar frá fornöld til nútímans
**hefst 3. febrúar**

Myndaalbúm og miðlun stafrænna ljósmynda
**hefst 9. febrúar**

Farsar og gamanleikir
**hefst 9. febrúar**

Mátti kerlingin ekki skrifa í friði - skáldkonan Guðrún frá Lundi og verk hennar
**hefst 10. febrúar**

Þjóðgildin
**hefst 14. febrúar**

Leikritun
**hefst 15. febrúar**

Ljóð og þjóð
**hefst 21. febrúar**

Heimur jazzins
**hefst 23. febrúar**

Var Sade markgreifi sadisti?
**hefst 28. febrúar**

Súkkulaði ... matur guðanna
**haldið 28. febrúar**

Kvíði barna og unglinga - foreldranámskeið
**hefst 1. mars**

Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál
**hefst 2. mars**

### TUNGUMÁL

Spænska I
**hefst 15. febrúar**

Kínverska fyrir byrjendur
**hefst 21. febrúar**

Ítalska fyrir byrjendur
**hefst 22. febrúar**

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Introduction to Cognitive Behavioral Therapy: Assessment and formulation
**hefst 4. febrúar**

Eðlilegar og afbrigðilegar öndunarhreyfingar, skoðun og þjálfun - Hverjir anda hvernig og hvers vegna?
**haldið 18. febrúar**

Vakandi athygli (gjörhygli) og innsæ íhugun
**hefst 22. febrúar**

### VERK- OG TÆKNIFRÆÐI

ÍST-170 og jarðskautskerfi
**haldið 11. febrúar**

### FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Skattlagning úttekta úr atvinnurekstri
**haldið 10. febrúar**

Lestur ársreikninga
**hefst 10. febrúar**

Greining ársreikninga
**hefst 17. febrúar**

Excel II - fjármál og rekstur
**hefst 17. febrúar**

Grunnþættir reksturs og fjármála
**hefst 3. mars**

### NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR

Viðbrögð stjórnenda og samfylgd í kjölfar áfalla í starfsmannahópum
**hefst 9. febrúar**

Hrós, hvatning og jákvæð endurgjöf
**haldið 17. febrúar**

Stjórnun og leiðtogahæfni
**hefst 28. febrúar**

### STARFSÞRÓUN OG HÆFNI

Facebook sem markaðstæki – grunnnámskeið
**hefst 21. febrúar**

Inniskór er ekki málið! - Sölu- og ráðgjafanámskeið
**hefst 23. febrúar**

Námskeið vegna leyfis til að gera eignaskiptayfirlýsingar
**hefst 3. mars**

Bætt þjónusta, ánægðari viðskiptavinir - Að gera gott betra
**haldið 4. mars**

### HUGBÚNAÐUR

Skrif og skipulag efnis fyrir vefinn
**hefst 14. febrúar**

Prófun hugbúnaðar (e. Software Testing Foundations)
**hefst 21. febrúar**

### UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Að byggja upp árangursríka samvinnu við foreldra leik- og grunnskólanemenda
**hefst 18. febrúar**

Leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun og efla félagsfærni ungra barna
**hefst 24. febrúar**

### LÖGFRÆÐI

Lagaenska (e. Legal English) The Practice of Law & Contracts
**hefst 14. febrúar**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444
endurmenntun.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

vísir.is
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fróðlegt og nærandi

Nóbelsverðlaunahagfræðingurinn Milton Friedman er í hópi þeirra sem áréttað hafa að hádegisverðurinn sé aldrei ókeypis og aðdáendur hans haldið þeim sannleik á lofti. Í febrúar og mars stendur stjórnmálaskóli Sjálfstæðisflokksins fyrir hádegisfyrirlestraröð í höfuðstöðvum flokksins undir yfirskriftinni „Fróðlegt og nærandi". **Ólafur Teitur Guðnason**, upplýsingafulltrúi Alcan á Íslandi, hefur leikinn í dag með erindi um orkuauðlindina og nýtingu hennar. Á vef flokksins segir að boðið sé upp á „fjölbreytta fyrirlestra ásamt nærandi hádegisverði á góðum kjörum".



### Veit Agnes af þessu?

Uppljóstranir Agnesar Bragadóttur í Morgunblaðinu um „Stóra fartölvumálið" vöktu mikla athygli í gær. Meðal þess sem Agnes tekur til í grein sinni er að ungur maður sem talinn er hafa komið stolnum tölvugögnum til DV og Wikileaks er eigandi Asus eee fartölvu, af sömu gerð og fannst á skrifstofunni. Fréttahaukurinn **Jóhannes Kr. Kristjánsson**, oftast kenndur við þáttinn Kompás, leggur orð í belg á Facebook-síðu sinni þar sem hann segir: „á hvíta Asus eee pc með Linux stýrikerfi. Vill einhver segja Agnesi það?" Tölvusérfræðingurinn og tjáningarfrelsisfrömuðurinn Smári McCarthy skrifar í athugasemd hjá Jóhannesi að hann eigi einnig tölvu af sömu gerð, þannig að Agnes ætti að hafa úr nægu að moða þegar kemur að því að spyrja fleiri við málið.



**- óká, þj**

## Mest lesið vísir.is

1. „Ég er enn að bíða"
2. Vill ekki íslenskan ríkisborgararétt
3. Bað lögreglu að fjarlægja eiginkonuna meðan á leiknum stóð
4. Nágranni vita þorir ekki að vera nakinn
5. Ráðist á Íslending í Kaíró


Fréttablaðið er nú með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.




Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.



Fyrstur kemur fyrstur fær

# ÚTSALA

Takmarkað magn

## Gerið gæða- og verðsamanburð

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

### SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

### ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA




2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

### IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**




**10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.**
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)



**BOAS**
Leður hægindasófi 3 sæta **169.900**
Svefnsófi **169.900**
Hægindastóll **79.900**

## 20-70% AFSLÁTTUR

Skiptidýnur, útlitsgallaðar dýnur og sýningardýnur.
Lök, hlífðardýnur, pífur, sængurverasett og fleira.




**Svefnsófi**
með tungu hægri/vinstri og geymslu Svefnflötur 140x200
Tveir litir, verð **199.000**
**Nú 99.500**




**Svefn & heilsa** ★★★★★




www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00